



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

Um samhljóðastigvíxl í íslensku

Ritgerð til bakkalársgráðu í íslensku sem öðru máli

Nafn: Yunran Zhu

September 2019

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Íslensku- og menningardeild

Um samhljóðastigvíxl í íslensku

Ritgerð til bakkalársgráðu í íslensku sem öðru máli

Nafn: Yunran Zhu

Kt. 231193-4059

Leiðbeinandi: Jón Axel Harðarson

Katrín Axelsdóttir

september 2019

Ágrip

Íslensk samhljóð í rótarbakstöðu orða sýna talsverð tilbrigði. Þetta sést í víxlmyndum eins og sama orðs eins og *puti* (eins og í *Gúlliver í Putalandi*) : *putti*, í skyldum orðum eins og *ofan* : *uppi* og *lófi* : *löpp* : *labba*, í eiginnöfnum og samsvarandi gælunöfnum eins og *Sigurður* : *Siggi*, í nafnorðum og samsvarandi gælumyndum eins og *refur* : *rebbi* og í enn fleiri öðrum tegundum orða. Þessi fyrirbæri má kalla samhljóðastigvíxl (e. *consonant gradation*) með tilliti til líkingar við samhljóðastigvíxl í sumum finnsk-úgrískum málum. Í þessari ritgerð er reynt að komast að uppruna samhljóðastigvíxlanna í íslensku.

Ritgerðinni er skipt í fjóra kafla. Í fyrstu þremur köflunum er gerð grein fyrir þrenns konar uppruna samhljóðastigvíxlanna og eru þeir Klugeslögmál, tjáningarhersla og hljóðdvalarbreytingin. Í fjórða kaflanum verða til umræðu orðsifjar nokkurra orða af flóknum eða óljósum uppruna ásamt stuttu mati á skýringartilgátum Ásgeirs Blöndals Magnússonar og Kroonens. Niðurstöður ritgerðarinnar eru þríþættar: 1) Samhljóðastigvíxlin eru afar fjölþætt fyrirbæri. Elsti þátturinn er gamlar germanskar leifar en sá yngsti er virk orðmyndunaraðferð í nútímamáli. 2) Stundum eru engin skörp skil milli upprunaskýringanna þriggja og orðsifjar sumra orða má útskýra með fleiri en einum hætti. 3) Til eru orð með samhljóðastigvíxlum af öðrum uppruna eða jafnvel óljósum. Upprunaskýringarnar þrjár duga ekki alltaf til útskýringar. En vonandi getur þessi ritgerð varpað einhverju ljósi á málið.

Skammstafanaskrá

e.	enska, enskur
fe.	fornenska, fornenskur
fgerm.	forfrumgermanska, forfrumgermanskur
fhþ.	fornháþýska, fornháþýskur
fír.	forníriska, forníriskur
físl.	forníslenska, forníslenskur
fnorr.	fornorræna
fær.	færeyska, færeyskur
germ.	frumgermanska, frumgermanskur
hljšk.	hljóðskipti
holl.	hollenska, hollenskur
hvk.	hvorugkyn
ie.	frumindóevrópska, frumindóevrópskur
ísl.	íslenska, íslenskur
kk.	karlkyn
kvk.	kvenkyn
lat.	latína
lith.	litháíska, litháískur
lo.	lýsingarorð
máll.	mállýska
mhþ.	miðháþýska, miðháþýskur
mlþ.	miðlágþýska, miðlágþýskur
ne.	nýenska/nútímaenska, nýenskur/nútímaenskur
nhþ.	nýháþýska, nýháþýskur
no.	nafnorð
sk.	skyldur
skt.	sanskrit
s.m.	sama merking
so.	sagnorð
st.so.	sterk sögn
viðsk.	viðskeyti
þt.	þátíð

Inngangur	6
1. Klugeslög má l	10
1.1 Klugeslög má l	12
1.1.1 Samhljóðsstytting í yfirlöngum atkvæðum	13
1.1.2 Útvíkkun á Klugeslög má li yfir hljómenaur	14
1.2 Samhljóðastigvíxl vegna Klugeslög má ls	15
1.2.1 <i>N-</i> og <i>mn-</i> stofna orð.....	15
1.2.2 Endurtekningarsagnir	18
1.2.3 <i>Associationen</i>	22
1.3 Tímatal hljóðbreytinganna	26
1.3.1 Frá Klugeslög má li til myndbrigðis.....	26
1.3.2 Frá myndbrigði til hljóðbeygingar	26
1.3.3 Hrun hljóðbeygingar og klofningur beygingarðæma.....	26
2. Tjáningarhersla	27
2.1 Á mörkum Klugeslög má ls og tjáningarherslu	27
2.2 Gælunöfn	29
2.3 Gæluyrði og styttingar	31
2.4 Lastyrði	32
2.5 Nýjar endurtekningarsagnir.....	33
2.6 Hljóðgervingar	34
2.7 Niðurlag	35
3. Hljóðdvalarbreytingin	35
3.1 Samhljóðastigvíxl vegna hljóðdvalarbreytingarinnar	36
3.2 Orð eins og <i>hagi</i>	38
4. Endurskoðun á orðsifjum nokkurra orða	38
4.1 Hljóðskiptin <i>ú</i> : <i>u</i> ?	39
4.2 <i>-ff-</i>	40
4.3 Óvæntar samhljóðsstyttingar.....	40
4.4 <i>Stari</i> : <i>starri</i>	41
4.5 <i>Tosa</i> : <i>tossa</i>	41
4.6 <i>Þegja</i> : <i>þagga</i>	42
4.7 † <i>Svima</i> : † <i>svimma</i>	42
Niðurstaða	43
Heimildaskrá	44

Inngangur

Það er alkunna að íslensk sérhljóð sýna talsverð tilbrigði vegna fjölbreyttra hljóðvarpa og hafa fangað meiri athygli en samhljóð. Fyrsti málfræðingurinn vildi gjarnan byrja á íslenskum sérhljóðum í fyrstu málfræðiritgerðinni sinni í stað samhljóðanna. Í tímaritinu *Íslensku máli og almennri málfræði* er að finna fleiri fræðigreinar um þróunarsögu sérhljóða en samhljóða. Á hinn bóginn sýna íslensk samhljóð líka tilbrigði. Þessi tilbrigði eru afar flókið fyrirbæri og lítið rannsakað en hafa alla tíð heillað mig.

Íslensk samhljóð í rótarbakstöðu eru stundum breytileg. Þetta sést í víxlmyndum eins og sama orðs eins og í eftirfarandi dæmum:

1)

<i>fari</i>	:	† <i>farri</i>		‘sá sem fer (víða)’
<i>kjaga</i>	:	<i>kjagga</i>		‘vagga í gangi’
<i>kjappi</i>	:	<i>kjabbi</i>	:	<i>kjaffi</i> ‘hafur’
† <i>luma</i>	:	<i>lumma</i>		‘(klunnaleg) hönd’
<i>puti</i> ¹	:	<i>putti</i>		‘fingur’
† <i>ramur</i>	:	<i>rammur</i>		‘sterkur’
† <i>ríkisbuppi</i>	:	<i>ríkisbubbi</i> ²		
<i>skota</i>	:	<i>skodda</i>		‘skúr’
† <i>skrati</i>	:	<i>skratti</i>		
<i>soppa</i>	:	<i>soffa</i> ³		‘þunnt deig’
† <i>stari</i>	:	<i>starri</i>		‘ <i>Sturnus vulgaris</i> ’
<i>tosa</i>	:	† <i>tossa</i>		‘toga í’

Hér ber að nefna að algengt er að önnur orðmyndin í orðapari er forn eða úrelt en hin er sjálfgefin. Þær orðmyndir sem eru fornar eða úreltar eru merktar með †. Einnig er hægt að finna víxlaorðapör sem sýna lítils háttar eða hárfínan merkingarmun en bæði orðin tilheyra sama orð- og beygingarflokki:

2)

<i>hosa</i> ‘lyfta’	:	<i>hossa</i> ‘lyfta og láta síga á víxl’
<i>kjaka</i> ‘höggva; margskera’	:	<i>kjakka</i> ⁴ ‘höggva í sama far’
<i>þefa</i>	:	<i>þebba</i>

¹ Orðmyndin kemur helst fyrir í *Gúlliver í Putalandi*.

² Ásgeir Blöndal Magnússon: *Íslensk orðsifjabók*, bls. 89, 93.

³ Ásgeir Blöndal Magnússon: *Íslensk orðsifjabók*, bls. 926.

⁴ Ásgeir Blöndal Magnússon: *Íslensk orðsifjabók*, bls. 465.

Dæmin að ofan minna eðlilega á samhljóðslengingu sem er mjög virk í íslenskum gælunöfnum og gæluyrðum:

3)

Davíð : *Dabbi*
Jón : *Nonni*
Sólveig : *Solla*

4)

klof : *klobbi*
nef : *nebbi*
refur : *rebbi*

Í öðrum tilfellum sjást samhljóðavíxl í skyldum orðum sem kannski eru ekki með sama rótarsérhljóð eða viðskeyti, eða tilheyra mismunandi orð- eða beygingarflokkum. En skyldleiki orðanna er ennþá auðséður vegna sterkrar merkingartengingar og hljóðvarpareglanna:

5)

fara (so.) : *farri* (no.) ‘flækingur, sá sem fer (víða)’
framan (með viðsk. *-an*) : *frammi* (með viðsk. *-i*)
löpp (no., *ö* í rótinni er *u*-hljóðverpt *a*) : *labba* (so.)
ofan (með viðsk. *-an*, *o* í rótinni er *a*-hljóðverpt *u*) : *upp*
þegja (*ē*-so., ástandsmerking, *e* er *i*-hljóðverpt *a*) : *þagga* (*ō*-so., orsakarmerking)

Í flestum tilfellum er skyldleiki orðanna ekki lengur sjáanlegur vegna tengslaleyfis merkinga eða hljóð- og hljóðkerfislegra breytinga eins og hljóðskipta. Þá þarf að fletta upp í orðsifjabókum til að komast að því:

6)

ljúka : *lokkur*⁵ hljsk. **eu* : **u*
maðkur (með *k*-viðsk.) : *motti* ‘mölur’⁶ hljsk. **a* : **u*
lófi : *löpp*⁷ hljsk. **ō* : **a*
smjúga : *smokka*⁸ hljsk. **eu* : **u*

Dæmin hér að ofan sýna að samhljóðavíxlin og hljóðskiptin koma oft fram hlið við hlið. Þetta bendir til þess að víxlin á samhljóðum í rótarbakstöðu geti vel verið gamalt fyrirbæri, jafnvel germanskar leifar.

⁵ Ásgeir Blöndal Magnússon: *Íslensk orðsifjabók*, bls. 575.

⁶ Kroonen: *Etymological Dictionary of Proto-Germanic*, bls. 379.

⁷ Ásgeir Blöndal Magnússon: *Íslensk orðsifjabók*, bls. 595.

⁸ Ásgeir Blöndal Magnússon: *Íslensk orðsifjabók*, bls. 907.

Málið flækist enn þegar litið er á germanskt samhengi. Slík víxl finnast einnig í öðrum germönskum málum. Eftirfarandi dæmi eru tínd til úr þýsku:

7)

<i>Knabe</i> ‘dregur’	:	<i>Knappe</i> ‘skjaldsveinn’ ⁹	
<i>Rabe</i> ‘hrafn’	:	<i>Rappe</i> ‘svartur hestur’ ¹⁰	
<i>schneiden</i> ‘skera’	:	<i>schnitzen</i> ‘tálga’ ¹¹	hljsh. *ī : *i

Svo er athyglisvert að samstofna eða skyld orð í íslensku og öðrum germönskum málum geta sýnt ósamræmi við samhljóð í rótarkastöðu:

8) nhþ. *Schrat* ‘púki’ (-t- < germ. *-d-) : físl. *skrati* : (f)ísl. *skratti*¹²

Jafnvel í náskyldum málum eins og íslensku og færeysku er hægt að finna mörg þör sem sýna slík víxl:

9)

ísl. <i>afi</i>	:	fær. <i>abbi</i> ‘s.m.’
ísl. <i>boli</i>	:	fær. <i>bullur</i> ‘uxi’
ísl. <i>löpp</i>	:	fær. <i>labbi</i> ‘s.m.’
fær. <i>pápi</i>	:	ísl. <i>pabbi</i> ‘s.m.’
fær. <i>ramur</i>	:	ísl. <i>rammur</i> ‘s.m.’
fær. <i>stari</i>	:	ísl. <i>starri</i> ‘s.m.’

Til að varpa ljósi á þessa flækju ætla ég að athuga þrjár spurningar:

- Hvaða samhljóð taka þátt í þessum víxlum?
- Hvernig víxlast samhljóð í rótarkastöðu?
- Af hverju stafa þessi víxl?

Með því að skoða ofantalin dæmi er hægt að skrá öll íslensk samhljóð sem taka þátt í víxlunum og setja þau í eftirfarandi samhljóðakeðjur:

f : p : pp : bb : ff
ð : t : tt : dd
g : k : kk : gg
m : mm
n : nn

⁹ Kluge/Seebold: *Etymologisches Wörterbuch der deutschen Sprache*, bls. 453.

¹⁰ Kluge/Seebold: *Etymologisches Wörterbuch der deutschen Sprache*, bls. 662, 667.

¹¹ Kroonen: *Etymological Dictionary of Proto-Germanic*, bls. 462.

¹² Kroonen: *Etymological Dictionary of Proto-Germanic*, bls. 447.

l : ll
r : rr
s : ss

Í flestum tilfellum eru víxlin tvíþætt og einkennast af tveimur stigum: veiku og sterku. Reyndar geta samhljóðin *m, n, l, r* og *s* einungis víxlast á tveimur stigum. Hins vegar er miklu meiri fjölbreytni í hinum samhljóðunum. Talsvert er um dæmi um *Ð : TT*¹³, *T : TT*, *T : DD*, *Ð : DD*:

10) *Ð : TT*: *ofan : upp, smjúga : smokka*
T : TT: *skrati : skratti*
T : DD: *skota : skodda*
Ð : DD: *þefa : þebba, kið : kiddi, vaga : vagga*

Samhljóðin í rótarbakstöðu í 11) víxlast á tveimur stigum: öðru veiku (*Ð* eða *T*) og hinu sterku (*TT* eða *DD*). Hins vegar eru til fáein dæmi sem sýna annars konar víxl: *TT : DD* og *TT/DD : ÞÞ*¹⁴:

11) *TT : DD*: *rikisbuppi : rikisbubbi, kroppur : krobbi, löpp : labba, loppa : lubba*¹⁵ ‘s.m.’
TT/DD : ÞÞ: *soppa : soffu, kjappi : kjabbi : kjaffi*

Þetta fyrirbæri má kalla samhljóðastigvíxl (e. *consonant gradation*) með tilliti til líkingar við samhljóðastigvíxl í sumum finnsk-úgrískum málum¹⁶. Eins og sjá má eru samhljóðastigvíxlin afar flókið fyrirbæri og athyglisvert. Þau koma víða fyrir í íslensku og eru fjarri því að vera jaðarfyrirbæri í íslenskri orðsifjafraeði. Meginefni þessarar ritgerðar er að reyna að svara spurningu c) hér að ofan, þ.e. að finna uppruna íslensku samhljóðastigvíxlanna. Ritgerðinni er skipt í fjóra kafla og eru þeir: Klugeslögma, tjáningarhersla, hljóðvalarbreytingin og endurskoðun á orðsifjum nokkurra orða. Fyrstu þrjú kaflarnir gera grein fyrir þrenns konar uppruna samhljóðastigvíxlanna í íslensku og í fjórða kaflanum verða til umræðu orðsifjar nokkurra orða af flóknum eða óljósum uppruna ásamt stuttu mati á skýringartilgátum Ásgeirs Blöndals Magnússonar og Kroonens.

¹³ *Ð* táknar rödduðu önglhjóðin *f* [v], *ð* [ð] og *g* [ɣ]. *T* táknar órödduðu lokhljóðin *p* [p], *t* [t] og *k* [k]. *TT* táknar aðblásnu lokhljóðin *pp* [hp], *tt* [ht] og *kk* [hk]. *DD* táknar löngu óaðblásnu lokhljóðin *bb* [p:], *dd* [t:] og *gg* [k:].

¹⁴ *ÞÞ* táknar langt óraddað önglhjóð. Íslenskt hljóðkerfi leyfir ekki **þþ* né **hh* heldur bara *ff* [f:].

¹⁵ Ásgeir Blöndal Magnússon: *Íslensk orðsifjabók*, bls. 579.

¹⁶ Sem dæmi má nefna að í finnsku eru samhljóðastigvíxl hljóðbeygingarregla: *nukun* ‘ég sef’ : *nukkuu* ‘hann/hún/það sefur’ (sbr. Kroonen 2011:79). Hér ber að nefna að samhljóðastigvíxl í íslensku eru ekki sama eðlis og í finnsk-úgrískum málum. Íslensk samhljóðastigvíxl eru í víxlmyndum sama orðs eða í skyldum orðum en í finnsku eru þau hljóðbeygingarregla.

1. Klugeslög mál

Forsendan fyrir samhljóðavíxlum í germönskum málum er tilurð langra samhljóða í frumgermönsku. Frumindóevrópskt hljóðkerfi leyfði ekki löng samhljóð¹⁷. Á hinn bóginn eru germönsk mál svo sannarlega „tungumál langra samhljóða“ og þetta á ekki síst við íslenskuna. Guus Kroonen, höfundur ritsins *Etymological Dictionary of Proto-Germanic*, endurgerir eftirfarandi frumgermönsk löng samhljóð¹⁸:

- 12) *pp: ísl. *toppur* = nhþ. *Zopf*
*tt: ísl. *skattur* = nhþ. *Schatz* = gotn. *skatts*
*kk: ísl. *hnakki* = nhþ. *Nacken*
*mm: físl. *svimma* = nhþ. *schwimmen*
*nn: ísl. *maður* (þf. et. *mann*) = nhþ. *Mann* = gotn. *manna*
*ll: ísl. *allur* = gotn. *alls*
*rr: ísl. *ffarri* = gotn. *fairra*
*ss: ísl. *kyssa* = nhþ. *küssen*

Auk þessara átta löngu samgermönsku samhljóða hér að ofan eru til önnur sjö löng samhljóð sem fundist hafa í norður- og vesturgermönskum málum. Ekki er hægt að finna samgermönsk dæmi um þau og dæmin sem eru til staðar eru líka örfá. Þess vegna er staða þeirra í frumgermönsku óöruggari og Kroonen setur því spurningarmerki við þau í orðsifjabók sinni¹⁹ þótt fáum dæmum megi safna úr einstökum norður- og vesturgermönskum málum:

- 13) *bb?: ísl. *krabbi* = fe. *crabba*²⁰
*dd?: ísl. *koddi*, fe. *codd*²¹
*gg?: ísl. *þagga*, nhþ. *Schnecke* ‘snigill’ (< *sniggan-)²²
*ff?: ne. *scoff*²³
*þþ?: fe. *moppe* (ne. *moth*)²⁴, nhþ. *Latte* ‘fjöl, rimill’ (< *lappōn-)²⁵
*hh?: fe. *pohha* ‘budda, sjóður’
*zz?: nhþ. *Knorren* ‘hnútur’ (< *knuzzan-)²⁶

¹⁷ Sjá Kroonen: *The Proto-Germanic n-stems: a study in diachronic morphophonology*, bls. 41. Beekes: *Comparative Indo-European linguistics: an introduction*, bls. 124.

¹⁸ Sjá Kroonen: *Etymological Dictionary of Proto-Germanic*, bls. xvi; *The Proto-Germanic n-stems: a study in diachronic morphophonology*, bls. 41-42.

¹⁹ Kroonen: *Etymological Dictionary of Proto-Germanic*, bls. xvi.

²⁰ Kroonen: *Etymological Dictionary of Proto-Germanic*, bls. 299.

²¹ Kroonen: *Etymological Dictionary of Proto-Germanic*, bls. 308.

²² Kroonen: *Etymological Dictionary of Proto-Germanic*, bls. 462.

²³ Kroonen: *Etymological Dictionary of Proto-Germanic*, bls. 451.

²⁴ Kroonen: *Etymological Dictionary of Proto-Germanic*, bls. 379.

²⁵ Kroonen: *The Proto-Germanic n-stems: a study in diachronic morphophonology*, bls. 214.

²⁶ Kroonen: *The Proto-Germanic n-stems: a study in diachronic morphophonology*, bls. 300.

Einstakar reglur voru settar fram snemma til að útskýra uppruna sumra langra samhljóða og má nefna sem dæmi germ. *-ss- < ie. *-t/d/d^h-t- (ísl. *sess* < ie. **sed-to-*, ísl. *viss* < ie. **uid-to-*)²⁷. En uppruni langflestra þeirra, að meðtöldum hljóðunum í 13), auk samhljóðastigvíxla, var áfram dularfullur þangað til þrjár kenningar voru settar fram: Klugeslögmaál, tjáningarhersla (*Expressivität*) og súbstratskenning frá Leiden-háskóla.

Friedrich Kluge (1856-1926) var þýskur málfræðingur og er hann þekktur fyrir bók sína *Etymologisches Wörterbuch der deutschen Sprache*. Árið 1884, átta árum eftir uppgötvun Verner-slögmáls, birti hann greinina *Die germanische Consonantendehnung* þar sem hann lagði til að frumgermönsk löng óródduð lokhljóð (**pp*, **tt* og **kk*) yrðu til í gegnum samlögun við eftirfarandi *n*-viðskeyti með áherslu í frumindóevrópsku²⁸. Kenning hans hefur lengi verið dregin í efa og harkalega umdeild, sérstaklega af fylgismönnum *Expressivität*-kenningarinnar, en komið hefur í ljós að hann hefur að mestu leyti haft á réttu að standa²⁹ eins og síðar verður ýtarlega rakið.

Expressivität-kenningin, eða kenningin um tjáningarherslu, var fyrst sett fram af Georg Gerland árið 1869 í bókinni hans *Intensiva und Iterativa und ihr Verhältnis zu einander*³⁰. Samkvæmt þessari kenningu lengdust samhljóð í sumum orðum vegna „*intensífrar*“ merkingar orðanna, m.ö.o., lenging á samhljóðum leyfir breytingu á merkingu sumra orða³¹. Kroonen telur kenninguna fela í sér að röð nýrra hljóðana verði til í hljóðkerfi af hreinni sálfræði- eða merkingarfræðilegri ástæðu³² og undir það má taka. Þessi kenning stingur í stúf við þá grundvallarstefnu ungmálfræðinganna að hljóðbreytingar séu aðallega knúnar af kerfisbundnum hljóðlögmaálum³³. Þó hefur hún dafnað og er orðin ríkjandi aðferð til að útskýra uppruna langra germanskra samhljóða og samhljóðastigvíxlanna í orðsifjabókum.

Súbstratskenningin var sett fram af nokkrum fræðimönnum við háskólann í Leiden í lok 20. aldarinnar. Samkvæmt kenningunni var eitt súbstratsmál innlimað í

²⁷ Sjá Kroonen: *Etymological Dictionary of Proto-Germanic*, bls. xxxiii.

²⁸ Sjá Kroonen: *The Proto-Germanic n-stems: a study in diachronic morphophonology*, bls. 42.

²⁹ Sjá Beekes: *Comparative Indo-European linguistics: an introduction*, bls. 133.

³⁰ Sjá Kroonen: *The Proto-Germanic n-stems: a study in diachronic morphophonology*, bls. 119.

³¹ Sjá Kroonen: *The Proto-Germanic n-stems: a study in diachronic morphophonology*, bls. 119-120.

³² Sjá Kroonen: *The Proto-Germanic n-stems: a study in diachronic morphophonology*, bls. 125.

³³ Sjá Kroonen: *The Proto-Germanic n-stems: a study in diachronic morphophonology*, bls. 120-121.

frumgermönsku og óstöðugleiki samhljóða í rótarbakstöðu í orðum eins og ísl. *lófi*, fhþ. *lappo*, fær. *labbi*, ísl. *löpp* á rætur að rekja til þessa súbrats. Samkvæmt Guus Kroonen gefur þessi kenning engan gaum að indóevrópskum einkennum eins og hljóðskiptum (t.d. **ō : *a*) og það sem meira máli skiptir er að ef þetta súbrat hefði verið til þá hefði það verið löngu útdautt og ekki er unnt að færa sönnur á kenninguna. Hún getur því varla staðist³⁴.

Guus Kroonen er hollenskur samburðarmálfræðingur í indóevrópskum málum. Árið 2011 birti hann doktorsritgerð sína *The Proto-Germanic n-stems: a study in diachronic morphophonology* sem er í eðli sínu vörn fyrir Klugeslögmaal gegn tjáningarherslukeningunni. Þessi kafli er aðallega byggður á doktorsritgerð hans. Í kaflanum verður kynnt Klugeslögmaal en sjónum verður einkum beint að dæmum úr íslensku.

1.1 Klugeslögmaal

Klugeslögmaal felst í því að allar þrjár tegundirnar af lokhljóðum í frumindóevrópsku (**T*, **D* og **D^h*) samlagast **n* í eftirfarandi áhersluatkvæði og breytast í órödduð löng lokhljóð (**pp*, **tt* og **kk*) í frumgermönsku³⁵:

14) ie. **t* holl. *wit* ‘hvítur’ < germ. **hwitta-* < ie. **kuit-nó-* (skt. *svítna-* ‘hvítur’)

ie. **d* mhþ. *stutzen* ‘reka í’ < germ. **stuttōn-* < ie. **(s)tud-néh₂-* (lat. *tundō*, skt. *tudāti* ‘þrýsta’)

ie. **d^h* ísl. *botn*, ne. *bottom* < germ. **butma-*³⁶ < nf. **budmen*, ef. **buttez* < ie. nf. **b^hud^h-mén*, ef. **b^hud^h-(m)n-és* (skt. *budhná-*, lat. *fundus*)³⁷

Klugeslögmaal virkar ekki ef áhersla orðs er á atkvæði á undan *n*-viðskeyti³⁸: ísl. *svefn* < germ. **swefna-* < ie. **suép-no-* (skt. *svápna-*)³⁹, ísl. *jafn* < germ. **ebna-* < ie. **h₁éb^h-no-*⁴⁰.

³⁴ Sjá Kroonen: *The Proto-Germanic n-stems: a study in diachronic morphophonology*, bls. 126-130.

³⁵ Sjá Beekes: *Comparative Indo-European linguistics: an introduction*, bls. 133.

³⁶ Orðmynd þessi er leidd af upprunalega eignarfallinu **buttez* en fékk *m*-viðskeyti vegna blöndunar af upprunalega nefnifallinu **budmō*, sjá Beekes 2011:133.

³⁷ Kroonen: *The Proto-Germanic n-stems: a study in diachronic morphophonology*, bls. 43-44.

³⁸ Sjá Beekes: *Comparative Indo-European linguistics: an introduction*, bls. 133.

³⁹ Kroonen: *The Proto-Germanic n-stems: a study in diachronic morphophonology*, bls. 46.

⁴⁰ Kroonen: *The Proto-Germanic n-stems: a study in diachronic morphophonology*, bls. 48.

Klugeslögmaal gerir okkur kleift að útskýra uppruna langra samhljóða í eftirfarandi orðum:

15) ísl. *skattur*, nhþ. *Schatz*, gotn. *skatts* < germ. **skatta-* < ie. **skh₁d^h-nó*⁴¹

ísl. *ljúka* : *lokkur* < germ. **leukan-* : **lukka-* < ie. **léug/ǵ-e-*, **lug/ǵ-nó*⁴²

ísl. *lokka*, nhþ. *locken* ‘s.m.’ < germ. **lukkōn-* < ie. **lug^(h)-neh₂-* (lith. *lù(n)ginti* ‘lokka’ < ie. **lug^(h)-nh₂-*)⁴³

ísl. *uppi* < germ. **uppai* < ie. *(*h₁*)*up-nói*⁴⁴

Segja má að Grimmslögmaal, Vernerlögmaal og Klugeslögmaal séu þrjú helstu lögmaalin um mótun germanskra samhljóða⁴⁵ og mikilvægi Klugeslögmaals má alls ekki vanmeta eins og Kroonen kemst að orði:

In Germanic, the rise of long obstruents by Kluge’s law had an important impact on the phonology, because it gave the language a new, characteristic feature that was absent in Proto-Indo-European: phonological consonant length.⁴⁶

1.1.1 Samhljóðsstytting í yfirlöngum atkvæðum

Í frumgermönsku er að finna stutt atkvæði CǺ(C) og löng atkvæði CǺ(C) og CVRC en ekki yfirlöng atkvæði CǺCC eða CVRCC.⁴⁷ Samkvæmt Kroonen er það vegna eins konar frumgermanskrar „hljóðdvalarbreytingar“ þar sem löng samhljóð í yfirlöngum atkvæðum styttust svo að yfirlöng atkvæði hyrfu úr hljóðkerfinu og féllu saman við löng atkvæði⁴⁸. Þessi „hljóðdvalarbreyting“ flækir verkun Klugeslögmaals með því að stytta löngu samhljóðin **pp*, **tt* og **kk* vegna Klugeslögmaals í **p*, **t* og **k* í yfirlöngum atkvæðum:

16) ísl. *djúpur*, gotn. *diups* < germ. **deupa-* < **deuppa-* < ie. **d^heub^h-nó*⁴⁹

⁴¹ Kroonen: *Etymological Dictionary of Proto-Germanic*, bls. 441.

⁴² Upprunalega merking sagnorðsins **leukan-* virðist vera ‘toga í’ (sbr. fhþ. *liohhan* ‘rykkja, toga í’) og frá því kemur merking orðsins *lokkur*, sjá Kroonen 2013:334, 343.

⁴³ Kroonen: *Etymological Dictionary of Proto-Germanic*, bls. 343.

⁴⁴ Kroonen: *Etymological Dictionary of Proto-Germanic*, bls. 120.

⁴⁵ Sjá Kroonen: *Etymological Dictionary of Proto-Germanic*, bls. xxvii-xxxv. Beekes: *Comparative Indo-European linguistics: an introduction*, bls. 130-134.

⁴⁶ Kroonen: *The Proto-Germanic n-stems: a study in diachronic morphophonology*, bls. 130.

⁴⁷ Sjá Kroonen: *The Proto-Germanic n-stems: a study in diachronic morphophonology*, bls. 45. C stendur fyrir samhljóð, Ǻ stutt sérhljóð, Ǻ langt sérhljóð og R hljómendur (*//**r*/**m*/**n*).

⁴⁸ Sjá Kroonen: *Etymological Dictionary of Proto-Germanic*, bls. xl.

⁴⁹ Kroonen: *The Proto-Germanic n-stems: a study in diachronic morphophonology*, bls. 45.

ísl. *hvítur*, gotn. *hveits* < germ. **hwīta-* < **hwītta-* < ie. **kueit-nó-* (sbr. *svítna-* < **kuit-no-*)⁵⁰

ísl. *vöttur* < germ. **wantu-* < **wanttu-* < ie. **uond^h-nú-* (sk. ísl. *vinda* < germ. **windan-* < ie. **uénd^h-a/e-*)⁵¹

ne. *sheep* < fe. *scāp* < germ. **skēpa-* < **skēppa-* < ie. **skeh₂b^h-nó-* (sk. ísl. *skafa* < ie. **skh₂b^h-a/e-*)⁵²

1.1.2 Útvíkkun á Klugeslög máli yfir hljóðmendur

Lengi hefur verið þekkt að indóevrópsku hljóðmendurnir **l* og **r* lengdust í germönsku vegna samlögunar við eftirfarandi *n*-viðskeyti með áherslu og dæmi þess eru mörg og áreiðanleg:

17) ísl. *allur*, gotn. *alls* < germ. **alla-* < ie. **h₂el-nó-*⁵³

ísl. *fullur*, gotn. *fulls* < germ. **fulla-* < ie. **p_lh₁-nó-* (sbr. skt. *pūrṇá-*, lith. *pilnas*)⁵⁴

ísl. *ull*, gotn. *wulla* < germ. **wullō-* < ie. **h₂ulh₁-néh₂-*⁵⁵

ísl. *fjarri*, gotn. *fairra* < germ. **ferrai* < ie. **per-nói*⁵⁶

fe. *steorra*, fhþ. *sterro* ‘stjarna’ < germ. **sterrō* < **nf. sterō*, ef. *sterrez* < ie. nf. **h₂stér-ō(n)*, ef. **h₂ster-n-és*⁵⁷

Hugsanlegt er að þegar áhersla orðs er á atkvæði á undan *n*-viðskeyti verði engin samlögun. En slík dæmi geta einungis fundist í orðum með *-rn-*⁵⁸: ísl. *þorn* < germ. **þurna-* < ie. **t_ǵ-no-* (sbr. skt. *t_ǵna-* ‘grasstrá’)⁵⁹

Lühr bendir á að þessi hljóðbreyting sé reyndar í takt við Klugeslög má⁶⁰ og með því vikkar hún Klugeslög má út yfir hljóðmendurna **l* og **r*⁶¹.

⁵⁰ Kroonen: *The Proto-Germanic n-stems: a study in diachronic morphophonology*, bls. 45.

⁵¹ Kroonen: *Etymological Dictionary of Proto-Germanic*, bls. 587.

⁵² Kroonen: *Etymological Dictionary of Proto-Germanic*, bls. 443.

⁵³ Kroonen: *The Proto-Germanic n-stems: a study in diachronic morphophonology*, bls. 45.

⁵⁴ Kroonen: *Etymological Dictionary of Proto-Germanic*, bls. 159.

⁵⁵ Kroonen: *Etymological Dictionary of Proto-Germanic*, bls. xxxv.

⁵⁶ Kroonen: *Etymological Dictionary of Proto-Germanic*, bls. 137.

⁵⁷ Kroonen: *Etymological Dictionary of Proto-Germanic*, bls. xxxv.

⁵⁸ Kroonen: *Etymological Dictionary of Proto-Germanic*, bls. xxxv.

⁵⁹ Kroonen: *Etymological Dictionary of Proto-Germanic*, bls. xxxvi.

⁶⁰ Sjá Lühr: *Expressivität und Lautgesetz im Germanischen*, bls. 191.

⁶¹ Kroonen bætir við að þessi samlögun varði kannski líka **m* og **n* þó að hann hafi ekki gefið nein sannfærandi dæmi, en kannski ísl. *frammi* < ie. **prom-nói* (um viðsk. **-nói* sbr. *fjarri* < **per-nói*)?

1.2 Samhljóðastigvíxl vegna Klugeslög máls

Verkun Klugeslög máls krefst *n*-viðskeytis og slíkt viðskeyti er algengt í frumindóevrópsku, bæði í nafnorðum og sagnorðum⁶². Giskað hefur verið á að indóevrópskt hreyfanlegt áherslukerfi og *n*-viðskeyti í nafnorðum og **-neh₂*-viðskeyti í sögnum hafi valdið samhljóðastigvíxlum í skyldum eða samstofna orðum í germönskum málum.

1.2.1 *N*- og *mn*-stofna orð

Flest orð í frumindóevrópsku samanstanda af rót (R), viðskeyti (S) og beygingarendingu (E)⁶³. Í íslensku er einnig hægt að finna orð af slíkri formgerð eins og *fræð-ing-ur* þar sem *fræð-* er rótin, *-ing-* er viðskeytið og *-ur* er nefnifallsendingin. Svokölluð *n*-stofna orð í frumindóevrópsku fá nafn sitt vegna *n*-viðskeytisins. Germönsk nafnorð af veikri beygingu eins og ísl. *gumi* (kk.), *uxi* (kk.), *tunga* (kvk.) og *auga* (hvk.) eiga uppruna sinn að rekja til þessa flokks orða⁶⁴.

Þetta forna *n*-viðskeyti er reyndar ekki lengur sjáanlegt í nútíma íslensku beygingakerfi nema í ef.ft. af kvk. og hvk. orðum eins og *tunga* - ef.ft. *tungna*, *auga* - ef.ft. *augna*. Í forníslensku eru örfá kk. orð sem hafa varðveitt *n*-viðskeytið og sem dæmi má nefna *gumi* (ft. *gumnar*, *gumna*, *gumnum*, *gumna*), *skati* (ft. *skatnar*, *skatna*, *skotnum*, *skatna*), *uxi* (ft. *yxn*, *yxn*, *yxnum*, *yxna*) og fleirtöluorð eins og *bragnar*, *flotnar* og *gotnar*⁶⁵. Í öðrum tilfellum steingerðist forna *n*-viðskeytið sem hluti af orðrót eins og *örn* (sbr. tvímyndina *ari*), *hrafñ* (sbr. þ. *Rabe*, ef.et. *Raben*), *björn* (sbr. þ. *Bär*, ef.et. *Bären*) og *stjarna* (sbr. fe. *steorra*, ef.et. *steorran*)⁶⁶.

Frumindóevrópsk áhersla er oft hreyfanleg innan beygingardæmis sama orðs, þ.e. áhersla fellur stundum á rót (R) í einu falli en hreyfist á viðskeyti (S) eða beygingarendingu (E) í öðru falli. Hægt er að endurgera þrjár áherslugerðir í beygingum *n*-stofna orða í frumindóevrópsku:

⁶² Sjá Beekes: *Comparative Indo-European linguistics: an introduction*, bls. 181, 258.

⁶³ Sjá Beekes: *Comparative Indo-European linguistics: an introduction*, bls. 171-172.

⁶⁴ Sjá Kroonen: *The Proto-Germanic n-stems: a study in diachronic morphophonology*, bls. 35-40.

⁶⁵ Sjá Lühr: *Expressivität und Lautgesetz im Germanischen*, bls. 200.

⁶⁶ Sjá Lühr: *Expressivität und Lautgesetz im Germanischen*, bls. 200.

18)⁶⁷

	jaðarleitin áhersla (kk. og kvk.)	afturleitin áhersla (kk. og kvk.)	framleitin áhersla (hvk.)
nf.et.	Ř-S-E *CéC-ō(n) ⁶⁸	R-Š-E *CC-én	Ř-S-E *CéC-ŋ
þf.et.	Ř-S-E *CéC-on-ŋ	R-Š-E *CC-én-ŋ	Ř-S-E *CéC-ŋ
sf. ⁶⁹ et.	R-Š-E *CC-én-i	R-Š-E *CC-én-i	
ef.et.	R-S-É *CC-n-és	R-S-É *CC-n-és	R-Š-E *CC-én-s
nf.ft.	Ř-S-E *CéC-on-es	R-Š-E *CC-én-es	Ř-S-E *CéC-ōn
þf.ft.	R-S-É *CC-n-ŋs	R-S-É *CC-n-ŋs	Ř-S-E *CéC-ōn
sf.ft.	R-S-É *CC-ŋ-sú	R-S-É *CC-ŋ-sú	
ef.ft.	R-S-É *CC-n-óm	R-S-É *CC-n-óm	R-Š-E *CC-én-om ⁷⁰

Jaðarleitin áhersla er áherslumynstur þar sem áherslan færist á milli beggja enda orðsins (rótar og endingar) en fellur einnig á viðskeyti (í sf.et.). Afturleitin áhersla er áhersla sem færist til aftarlega í orði, þ.e. á milli viðskeytis og endingar og framleitin áhersla færist til framarlega, þ.e. á milli rótar og viðskeytis⁷¹.

Beygingardæmi *n*-stofna orða eru sannkallaður „vermireitur“ samhljóðastigvíxlanna þar sem í ýmsum fallmyndum getur Klugeslögmál komið fyrir. Tvö skilyrði þurfa að vera uppfyllt til að hrinda Klugeslögmáli af stað: 1) lokhljóð eða hljómandi í rótarbakstöðu þarf að vera í beinni snertingu við **n* og 2) áhersla kemur á næsta sérhljóði á eftir **n*⁷². Eins og má sjá á töflunni er engin fallmynd af framleitinni beygingu sem uppfyllir skilyrðin. Í jaðar- og afturleitnum beygingardæmum eru þrjár fallmyndir þar sem Klugeslögmál gæti komið fyrir: ef.et. *CC-*n*-ós, þf.ft. *CC-*n*-ŋs og ef.ft. *CC-*n*-óm. Þessar fallmyndir eru feitlettraðar á töflunni hér að ofan. Í sf.ft. *CC-*ŋ*-sú er **ŋ*- atkvæðisbært og breyttist í *-*un*- í forfrumgermönsku svo að samhljóð í rótarbakstöðu snertir ekki **n*.

Með þessum hætti skapar Klugeslögmál sterka stofninn *CVCC- í ef.et., þf.ft. og ef.ft. á móti hinum veika *CVC- (án Klugeslögmáls) í öðrum föllum sama orðs. Samhljóðastigvíxl í beygingardæmum eru því orðin til í forfrumgermönsku. Hér á

⁶⁷ Um töfluna sjá Kroonen: *The Proto-Germanic n-stems: a study in diachronic morphophonology*, bls. 28-33.

⁶⁸ Þessi nefnifallsmynd er endingarlaus vegna brottfalls á nefnifallsendingunni *-s, sbr. Beekes 2011:194.

⁶⁹ Sj. táknað *staðarfall* (e. *locative*).

⁷⁰ Jón Axel Harðarson bendir mér á að þessi fallmynd sé reyndar endurgerð sem *CC-*n*-óm hjá honum vegna þess að fleirtala hvorugkyns eigi rætur að rekja til safnheita í frumindóevrópsku. Þess vegna í hvorugkyns orðum er áhersla framleitin í eintölu en jaðarleitin í fleirtölu.

⁷¹ Jaðarleitin áhersla kallast einnig amfíkínétísk áhersla, afturleitin áhersla einnig hýsterókinétísk áhersla og framleitin áhersla einnig próterókinétísk áhersla.

⁷² Sjá Kroonen: *The Proto-Germanic n-stems: a study in diachronic morphophonology*, bls. 57.

eftir verða sýnd dæmi um tilkomu samhljóðastigvígslanna í forfrumgermönsku og dæmin eru flokkuð eftir því hvers konar samhljóð er í rótarbakstöðu (hljómandi, *T og *D^h)⁷³.

19) Hljómandi í rótarbakstöðu: ie. *b^hl-én ‘boli’ (afturleitinn áhersla)⁷⁴

	ie.	fgerm.	
nf.et.	*b ^h l-én	> *bulen	→ isl. <i>boli</i> , fe. <i>bula</i> , ne. <i>bull</i>
st.et.	*b ^h l-én-i	> *buleni	
ef.et.	*b ^h l-n-és	> *bullez	→ mlþ. <i>bulle</i> , holl. <i>bul</i> , fær. <i>bullur</i>

Hér ber að nefna að hvert dótturmál alhæfir ýmist veika stigið eða sterka (íslenska og enska varðveita veika stigið en miðlægþýska hið sterka).

20) *T í rótarbakstöðu: ie. *ǵnút-ō(n) ‘hnútur’ (jaðarleitinn áhersla)⁷⁵

	ie.	fgerm.	
nf.et.	*ǵnút-ō(n)	> *knubō	→ fhþ. <i>knodo</i>
st.et.	*ǵnut-én-i	> *knudeni	→ fhþ. <i>knoto</i> , nhþ. <i>Knoten</i>
ef.et.	*ǵnut-n-és	> *knuttez	→ fe. <i>cnotta</i> , ne. <i>knot</i>

Málið flækist ef samhljóðið í rótarbakstöðu er óraddaða lokhljóðið *T í frumindóevrópsku. Vegna Grimmslög máls breytist *T í órödduð önghljóð (*f, *p og *h) sem Vernerslög málgætur verkað á. Þetta er einmitt það sem gerist í þf.et. *knudeni. Klugeslög málgæt og Vernerslög málgæt skapa þríþætt víxl (*p : *d : *tt) í beygingardæminu hér að ofan.

21) *D^h í rótarbakstöðu: ie. *skrod^h-ō(n) ‘djöfull, skratti’ (jaðarleitinn áhersla)⁷⁶

	ie.	fgerm.	
nf.et.	*skrod ^h -ō(n)	> *skradō	→ fhþ. <i>scrato</i> , nhþ. <i>Schrat</i>
st.et.	*skrod ^h -én-i	> *skradeni	
ef.et.	*skrod ^h -n-és	> *skrattez	→ ísl. <i>skratti</i>

⁷³ Það finnast engin örugg dæmi um n-stofna orð sem eru með *D í rótarbakstöðu. Kroonen og Lühr nefna germ. *strütan/*streutan : *struttaz (ísl. *strútur*, þ. máll. *Strosse* og holl. *strot*) en því fylgja margir erfiðleikar til að endurgera orðið í indóevrópsku, sjá Kroonen 2011:295-296, Lühr 1988:256-257.

⁷⁴ Sjá Kroonen: *Etymological Dictionary of Proto-Germanic*, bls. 83-84.

⁷⁵ Sjá Kroonen: *Etymological Dictionary of Proto-Germanic*, bls. 298-299. Lühr: *Expressivität und Lautgesetz im Germanischen*, bls. 281-282.

⁷⁶ Sjá Kroonen: *Etymological Dictionary of Proto-Germanic*, bls. 447. Lühr: *Expressivität und Lautgesetz im Germanischen*, bls. 252-254.

Fyrir utan *n*-stofn getur Klugeslögmaal líka komið fyrir í *mn*-stofna orðum. *Mn*-stofna orð koma títt fyrir í frumindóevrópsku og geta líka haft öll þrjú áherslumynstrin eins og *n*-stofna orð⁷⁷. Þetta viðskeyti er enn sjáanlegt í orðinu *nafn* þar sem viðskeytið hefur breyst í hluta af orðrótinni (*nafn* < germ. **namōn* < ie. **h₃nh₃-men*⁷⁸). Klugeslögmaal kemur fyrir þegar *mn*-viðskeyti er í hvarfstigi (**-mn-*) og í beinni snertingu við samhljóð í rótarbakstöðu auk áherslu sem kemur rétt á eftir viðskeytinu, þ.e. **CVC-mn-*. Í samhljóðaklasanum **-Cmn-* fellur **m* í burtu og Klugeslögmaali er því hrundið af stað⁷⁹. Kroonen endurgerir fjögur germönsk orð þar sem samhljóðastigvixlin koma fyrir⁸⁰ og hér er valið eitt dæmi af þeim: **budmēn* : **buttez* ‘botn’:

22) ie. **b^hud^h-mēn* ‘botn’ (afturleitinn áhersla)

	ie.	fgerm.	germ.	
nf.et.	<i>*b^hud^h-mēn</i>	> <i>*budmēn</i>	→ <i>*budma-</i>	> fe. <i>bodan</i> , holl. <i>bodem</i>
st.et.	<i>*b^hud^h-én-i</i>	> <i>*budeni</i>		
ef.et.	<i>*b^hud^h-(m)n-és</i>	> <i>*buttez</i>	→ <i>*buttm-</i>	> isl. <i>botn</i> , fe. <i>botm</i> , ne. <i>bottom</i>

Eftir að veiki stofninn **bud-* og sterki **butt-* eru komnir til í forfrumgermönsku er *m*-viðskeytið alhæft í báðum stofnunum (**budm-* og **buttm-*) og þemasérhljóðinu **a* síðan bætt við báða stofnana í germönsku (**budma-* og **buttm-*). Klugeslögmaal veitir góða lausn á ósamræmi við samhljóð í orðunum holl. *bodem* : isl. *botn*⁸¹.

1.2.2 Endurtekningarsagnir

Samhljóðastigvixlin eru ekki einskorðuð við nafnorð heldur finnast þau einnig í sagnorðum. Í germönskum málum er athyglisvert fyrirbæri að ein *ō*-sögn með löngu samhljóði finnst stundum við hlið sterkrar sagnar. Þetta fyrirbæri er vel þekkt í þýsku:

23)⁸²

<i>reißen</i> ‘slíta’	:	<i>ritzen</i> ‘rista’	germ. <i>*wrītan-</i> : <i>*writtōn-</i>
<i>schneiden</i> ‘skera’	:	<i>schnitzen</i> ‘tálga’	germ. <i>*snīþan-</i> : <i>*snittōn-</i>

⁷⁷ Sjá Kroonen: *The Proto-Germanic n-stems: a study in diachronic morphophonology*, bls. 28-33.

⁷⁸ Kroonen: *Etymological Dictionary of Proto-Germanic*, bls. 382-383.

⁷⁹ Sjá Kroonen: *The Proto-Germanic n-stems: a study in diachronic morphophonology*, bls. 65.

⁸⁰ Sjá Kroonen: *The Proto-Germanic n-stems: a study in diachronic morphophonology*, bls. 65-68.

⁸¹ Í íslenska orðinu hefur upprunalega *m*-ið tillíkt *t* og breyst í *n*-ið.

⁸² Um *ziehen* : *zucken*, *tauchen* : *ducken* sjá Gerland 1869:4-6; um *reißen* : *ritzen* og *schneiden* : *schnitzen* sjá Drosdowski 1989:596, 645.

tauchen ‘kafa’⁸³ : *ducken*⁸⁴ ‘beygja, lúta’ germ. **dūkan-* : **dukkōn-*
ziehen ‘draga’ : *zucken* ‘titra’ germ. **teuhan-* : **tukkōn-*

Allar sagnirnar hér að ofan með löngu lokhljóði í frumgermönsku eru útskýrðar sem „Intensivbildung“ af samsvarandi sterkum sögnum í frægum orðsifjaritum eins og t.d. *Etymologisches Wörterbuch der deutschen Sprache* (1995) í endurskoðaðri útgáfu Elmars Seebolds og *Herkunftswörterbuch der deutschen Sprache* (1989) eftir Günther Drosdowski⁸⁵. Um skilgreiningu á „Intensivbildung“ skrifar Seebold: „die **Intensive** [, die] zum Ausdruck einer verstärkten Handlung [gebraucht werden]“⁸⁶, þ.e.a.s. málnotendur búa til „expressífa“ eða herðandi mynd af viðkomandi sterkri sögn með því að tvöfalda samhljóð í sterku sögninni. Eins og áður hefur verið vikið að var sú kenning fyrst sett fram af Gerland (1869) og er orðin ríkjandi aðferð til að útskýra fyrirbærið.

Í íslensku eru færri dæmi en hægt er að safna eftirfarandi orðum:

24)⁸⁷

hlæja (þt. *hlógu*) : *hlakka* germ. **hlahjan-* : **hlakkōn-*
ljúga : *lokka* germ. **leugan-* : **lukkōn-*
rjúfa : *ruppa* ‘rífa; ræna’ germ. **reufan-* : **ruppōn-*
smjúga : *smokka* ‘smeygja’ germ. **smeugan-* : **smukkōn-*

Ásgeir Blöndal Magnússon segir að langa *k*-ið í *hlakka* sé „herslutákn“, *ruppa* einkonar „herslumynd“ og *smokka* nafnleitt af *smokkur*⁸⁸. Hugtökin *herslutákn* og *herslumynd* samsvara *Intensivschärfung* og *Intensivbildung* sem þýskir tjáningarherslusinnar nota.

Þegar við endurskoðum fyrirbærið kemur í ljós að hljóðskiptin koma glöggt fyrir í þessum svokölluðu „*intensífu*“ myndum. Rótarsérhljóð í sögnunum einkennast oftast af hvarfstigi. Svo verður ekki fram hjá því litið að samhljóðastigvíxlin **f* : **pp*, **p* : **tt*, **h* : **kk*, **t* : **tt* o.s.frv. minna eðlilega á Klugeslögmál. Þar að auki getur *Intensivbildung* ekki útskýrt orðin eins og ísl. *toga* : þ. *zucken* sem samsvara

⁸³ Sögnin er sterk í fhþ. *in-tūhhan* (þt. *in-tuoh*) og holl. *duiken* (þt. *dook*), sbr. Kroonen 2013:107.

⁸⁴ *D* í framstöðu er útskýrt sem orðmynd „mit niederdeutschem Lautstand“ (Kluge/Seebold 1995:198).

⁸⁵ Sjá t.d. útskýringu um *schnitzen* í Kluge/Seebold 1995:737 og Drosdowski 1989:645.

⁸⁶ Kluge/Seebold: *Etymologisches Wörterbuch der deutschen Sprache*, bls. XVIII.

⁸⁷ Kroonen: *Etymological Dictionary of Proto-Germanic*, bls. 228, 343, 418 og 460.

⁸⁸ Ásgeir Blöndal Magnússon: *Íslensk orðsifjabók*, bls. 337, 780 og 907.

germ. **tugōn-* : **tukkōn-*. Þau virðast vera samstofna orð þótt samhljóð í rótarbakstöðu séu ekki í samræmi.

Hermann Osthoff (1882) var fyrstur manna sem tengir fyrirbærið hér að ofan við Klugeslögmál. Hann leggur til að hluti af *ō*-sögnum í germönsku eigi uppruna sinn að rekja til sagnorða með **neh₂*-viðskeyti í frumindóevópsku⁸⁹. Í slíkum sögnum er áherslan hreyfanleg: í eintölu fellur áherslan á viðskeyti þannig að Klugeslögmáli er hrundið af stað, en í fleirtölu er áherslan á beygingarendingu svo að viðskeytið er í hvarfstigi (**nh₂*-), **n* verður því atkvæðisbært og breyttist í **un* í forfrumgermönsku þannig að Klugeslögmál virkar ekki:

25)⁹⁰

	ie.	fgerm.	
1p.et.	* <i>duk-néh₂-mi</i>	> * <i>tukkōmi</i>	
2p.et.	* <i>duk-néh₂-si</i>	> * <i>tukkōsi</i>	→ nhþ. <i>zucken</i>
3p.et.	* <i>duk-néh₂-ti</i>	> * <i>tukkōþi</i>	
1p.ft.	* <i>duk-ŋh₂-mé</i>	> * <i>tugumme</i>	
2p.ft.	* <i>duk-ŋh₂-th₁é</i>	> * <i>tugunde</i>	→ ísl. <i>toga</i>
3p.ft.	* <i>duk-ŋh₂-énti</i>	> * <i>tugunanþi</i>	

Svipað og í beygingardæmum *n*-stofna orða eru tveir stofnar (sá sterki **tukk-* og sá veiki **tug-*) komnir til í beygingardæminu. Þýska alhæfir sterka stofninn og íslenska veika stofninn⁹¹. Hér ber að benda á að þótt algengt sé að ein „**neh₂*-sögn“ standi jafnframt einni samsvarandi sterkri sögn geta „**neh₂*-sagnir“ einnig staðið sjálfar án þess að hafa neina samsvarandi sterka sögn. Gott dæmi er nhþ. *lecken*, ne. *lick* < ie. **liġ^h-neh₂*- (sbr. lat. *lingō* ‘s.m.’)⁹² sem samsvarar engri sterkri sögn.

Þessi kenning hefur þrjá kosti eins og Kroonen bendir á: 1) Seinni hluti viðskeytisins, **eh₂*-, varpar ljósi á sérhljóðið **ō-* í frumgermönsku⁹³ 2) Einnig er vel útskýrt af hverju orðrót þessara sagna einkennist oft af hvarfstigi. Áhersla orðs færist einungis á milli viðskeytis (í eintölu) og beygingarendingar (í fleirtölu) og rötin er því alltaf áherslulaus og oft í hvarfstigi⁹⁴. 3) Merkingarlega kemur **neh₂*-

⁸⁹ Sjá Kroonen: *The Proto-Germanic n-stems: a study in diachronic morphophonology*, bls. 93.

⁹⁰ Sjá Kroonen: *The Proto-Germanic n-stems: a study in diachronic morphophonology*, bls. 95-96.

⁹¹ Önnur dæmi má nefna mlþ. *glitten* : ísl. *glíta* < ie. **g^hlid-néh₂*-, **g^hlid-ŋh₂*- (sjá Kroonen 2013:181), ísl. *glotta* : ne. *gloat* < ?ie. **g^hld-néh₂*-, **g^hld-ŋh₂*- (sjá Kroonen 2011:96).

⁹² Kroonen: *The Proto-Germanic n-stems: a study in diachronic morphophonology*, bls. 337.

⁹³ Sjá Kroonen: *The Proto-Germanic n-stems: a study in diachronic morphophonology*, bls. 93.

⁹⁴ Sjá Kroonen: *The Proto-Germanic n-stems: a study in diachronic morphophonology*, bls. 95.

viðskeytið heim og saman við sagnorðin að ofan. Þau sagnorð sem leidd eru af **neh*₂-viðskeyti hafa líka verið kölluð endurtekningarsagnir (e. *iterative verbs*)⁹⁵ af því að mörg þeirra eru með eins konar endurtekningarmerkingu, sbr. þ. *ritzen*, *zucken*, *lecken* og ísl. *lokka*. Um skilgreiningu á endurtekningarhorfi skrifar Kroonen: „ . . . denote actions consisting of subactions that typically need to be repeated in order to achieve the full denotation“⁹⁶. Dæmigerðar sagnir með endurtekningarmerkingu eru *banka*, *klóra sér*, *snökta*, *nudda*, *titra* o.s.frv. Í indóevrópsku samhengi hefur **neh*₂-viðskeytið fundist í tvenns konar sögnum, endurtekningarsögnum (skt. *badhnāti* ‘binda’) og orsakarsögnum (skt. *rīyate* ‘fljóta’ → *riñāti* ‘láta fljóta’)⁹⁷. Germanskar endurtekningarsagnir gætu verið dregnar af fyrri notkun viðskeytisins. Kroonen bendir á að þessi orðmyndunaraðferð hafi verið virk einhvern tímann í fornu máli og að endurtekningarsagnir hafi verið hluti af germönsku horfakerfi⁹⁸ (ásamt sterkum sögnum, ástandssögnum, orsakarsögnum og byrjunarsögnum)⁹⁹. Með þessum hætti má t.d. álykta að ísl. *hlakka* sé endurtekningarsögnin af *hlæja* vegna þess að hún merkti upprunalega ‘flissa’ (merkingarþróunin gæti verið: ‘flissa’ > ‘gleðjast yfir e-u’ > ‘langa í e-ð’). Þessi merking er reyndar að nokkru leyti geymd í ópersónulegu notkuninni *það hlakkar í e-m*. Enn fremur telur Kroonen fær. *skitta* ‘skíta, sérstaklega um dýr’ vera endurtekningarsögnina af *skíta*¹⁰⁰ í ljósi *-i-* (hvarfstig) og *-tt-* í rótarbakstöðu.

Ein róttækasta og umdeildasta aðferðin hjá Kroonen er að endurvekja kenningu Osthoffs og beita henni á kerfisbundinn hátt í ritinu *Etymological Dictionary of Proto-Germanic* (2013). Með því hafnar hann *Intensivbildung* í virtum orðsifjaritum.

Hér er skylt að taka fram að Lühr og Jón Axel Harðarson nota líka Klugeslögmál til að útskýra ofantaldar sagnir með **-pp-*, **-tt-* og **-kk-* en kenningar þeirra eru ekki eins. Lühr heldur því fram að þessar sagnir séu leiddar af lýsingarorðum með **-nó*-viðskeyti í frumindóevrópsku¹⁰¹. Jón Axel Harðarson telur á hinn bóginn að byrjunarsagnir (t.d. *sofna* og *vakna*) og sagnir með **-pp-*, **-tt-* og **-kk-* eigi sér

⁹⁵ Sjá Kroonen: *The Proto-Germanic n-stems: a study in diachronic morphophonology*, bls. 99.

⁹⁶ Kroonen: *The Proto-Germanic n-stems: a study in diachronic morphophonology*, bls. 100.

⁹⁷ Sjá Kroonen: *The Proto-Germanic n-stems: a study in diachronic morphophonology*, bls. 100-101.

⁹⁸ Sjá Kroonen: *The Proto-Germanic n-stems: a study in diachronic morphophonology*, bls. 103.

⁹⁹ Dæmi þess eru mörg: *vaka* - *vekja* - *vakna*, *hlæja* - *hlægja* - *hlakka*, þ. *ziehen* - ísl. *teygja* - þ. *zucken*, þ. *biegen* - ísl. *beygja* - ísl. *bogna*, o.s.frv.

¹⁰⁰ Sjá Kroonen: *Etymological Dictionary of Proto-Germanic*, bls. 446.

¹⁰¹ Sjá Lühr: *Expressivität und Lautgesetz im Germanischen*, bls. 347-350.

sama uppruna og að ástæðan fyrir því að Klugeslögmaal kom ekki fyrir í *sofna* og *vakna* sé „the generalization of the sequence *-hn-* or *-kn-*, which was regular in the dual and plural (1st and 2nd persons)“¹⁰².

1.2.3 *Associationen*

Klugeslögmaal getur útskýrt samhljóðastigvixlin í nhþ. *Schrat* : ísl. *skratti* (**d* : **tt*) en físl. *skrati* er skilið eftir óútskýrt. Klugeslögmaal varpar ljósi á uppruna víxlanna *P/D/TT* : *TT* og *R* : *RR* í *n*-stofna orðum og endurtekningarsögnum en gerir ekki grein fyrir *DD* (lögnum rödduðum önglhjóðum) og *PP* (lögnum órödduðum önglhjóðum) sem koma líka títt fyrir í þeim orðum. Sem dæmi má nefna fhþ. *lappo* ‘lófi’, fær. *labbi* og fhþ. *laffa* sem standa jafnframt ísl. *lófi* : *löpp*. Svo eru víxlin í ísl. *poki* : fe. *pohha* ‘skjóður’¹⁰³, ísl. *rugga* : fe. *roccian* ‘s.m.’¹⁰⁴ af óljósum uppruna.

Sum orð með *DD* eða *PP* virðast vera gömul, a.m.k. af norðvesturgermönskum uppruna eins og ísl. *koddi*, fe. *codd* < germ. **kudda(n)*-¹⁰⁵ og ísl. *krabbi*, fe. *crabba* < germ. **krabban*¹⁰⁶. Fornenska leyfir *-pp-* í hljóðkerfi sínu en ekki íslenska og þýska. Giskað hefur verið á að germ. **-pp-* hafi breyst í *-tt-* í bæði norrænu og fornháþýsku og sem dæmi má nefna ísl. *motti* ‘mölur’, nhþ. *Motte*, fe. *moppe* < germ. **muppa/ōn*-¹⁰⁷. Allar þessar spurningar kalla á endurskoðun á Klugeslögmaali.

Kluge (1884) sjálfur setti fram kenningu sem kallast *Associationen* (ísl. blöndun, e. *contamination*) sem er í eðli sínu útjöfnun eða áhrifsbreyting. Ýtarlega útskýringu er að finna hjá Kroonen¹⁰⁸. Hann skiptir öllum tegundum af hljóðbeygingarvixlum í tvennt: 1) einföld víxl: *l* : *ll*, *r* : *rr*, *T* : *TT* og 2) flókin víxl: *P* : *D* : *TT*¹⁰⁹ og *D* : *TT*. Einföldu víxlin eru öll megindeg en flóknu víxlin eru bæði megindeg og eigindleg. Megindegu víxlin eru ekki bara einfaldari heldur líka algengari en flóknu víxlin. *Associationen* felst í því að einföldu víxlin breiðast út á kostnað flóknu víxlanna, þ.e.a.s. flóknu víxlin eru jöfnuð út og megindegu víxlin sett í staðinn. Sem dæmi má nefna að beygingardæmi með *P* : *D* : *TT* gæti klofnað í þrjú einfaldari

¹⁰² Jón Axel Harðarson: The morphology of Germanic, bls. 938-939.

¹⁰³ Kroonen: *Etymological Dictionary of Proto-Germanic*, bls. 400.

¹⁰⁴ Kroonen: *Etymological Dictionary of Proto-Germanic*, bls. 417.

¹⁰⁵ Kroonen: *Etymological Dictionary of Proto-Germanic*, bls. 308.

¹⁰⁶ Kroonen: *Etymological Dictionary of Proto-Germanic*, bls. 299.


¹⁰⁷ Kroonen: *Etymological Dictionary of Proto-Germanic*, bls. 379.

¹⁰⁸ Sjá Kroonen: *The Proto-Germanic n-stems: a study in diachronic morphophonology*, bls. 71.

¹⁰⁹ *D* er vegna Vernerslögmaals og kemur fyrir t.d. í þf.et.


beygingardæmi: $P : \bar{P}P$, $D : DD$ og $T : TT$ ¹¹⁰. Þessi kenning reynist heppileg til að svara öllum spurningunum hér að ofan. Gott dæmi er einmitt ísl. *lófi*, *löpp*, fhþ. *lappo*, *laffa* og fær. *labbi*:

26)¹¹¹



Annað frægt dæmi eru vesturgermönsk orð yfir ‘dregur’:

27)¹¹²



Óhætt er að sameina öll vesturgermönsku orðin í eitt og sama beygingardæmið með *Associationen*. Vafasamt er hvort ísl. *hnappur* (físl. *knapp*), fær. *knavi* ‘lítið horn á kálfi’ og fær. *knabbi* ‘smáklettur’ tilheyrir hér líka. Ef svo er þá mætti upprunalega merkingin vera ‘pinni’ eins og Kroonen leggur til¹¹³.

Með því er hægt að útskýra *skrati* : *skratti*. Upprunalega beygingardæmið nf. **skradō*, ef. **skrattez* ummyndaðist í **skratō*, **skrattez* í gegnum *Associationen* og nýja beygingardæmið gaf *skrati* : *skratti* í norrænu. Svo er einnig hægt að sameina

¹¹⁰ Sjá Kroonen: *The Proto-Germanic n-stems: a study in diachronic morphophonology*, bls. 71, 79.

¹¹¹ Kroonen: *Etymological Dictionary of Proto-Germanic*, bls. 340.

¹¹² Kroonen: *Etymological Dictionary of Proto-Germanic*, bls. 294-295.

¹¹³ Sjá Kroonen: *Etymological Dictionary of Proto-Germanic*, bls. 295.

fe. *cēod(a)* ‘poki’, fhþ. *kiot* ‘sekkur’ og ísl. *koddi* undir einu beygingardæmi: nf. **keudō̃*, ef. **kuttez* → **keudō̃*, **kuddez*¹¹⁴.

Kroonen útskýrir **-þþ-* í ísl. *motti*, nhþ. *Motte*, fe. *moppe* með því að tengja nhþ. *Made* ‘maðkur’ og sameina þau undir einu beygingardæmi:


28)¹¹⁵

	ie.	fgerm.I	fgerm.II	<i>Associationen</i>	
nf.et.	<i>*mót-ō(n)</i>	> <i>*maþō̃</i>	> <i>*maþō̃</i>	> <i>*maþō̃</i>	→ nhþ. <i>Made</i>
ef.et.	<i>*ŋt-n-és</i>	> <i>*umttez</i>	→ <i>*muttez</i> ¹¹⁶	→ <i>*muþpez</i>	→ ísl. <i>motti</i> , nhþ. <i>Motte</i> fe. <i>moppe</i>

Með svipuðum hætti er gerlegt að útskýra ísl. *poki* : fe. *pocca* : fe. *pohha* með því að endurgera upprunalega beygingardæmið nf. **puhō̃*, ef. **pukkez* sem klofnar í tvö beygingardæmi vegna *Associationen*: 1) nf. **puhō̃*, ef. **puhhez* (→ fe. *pohha*) og 2) nf. **pukō̃*, ef. **pukkez* (→ ísl. *poki*, fe. *pocca*)¹¹⁷.

Associationen er líka lausn á fjölbreyttum samhljóðastigvíxlum í endurtekningarsögnum eins og í ísl. *roga* : fe. *roccian* (ne. *rock*) : ísl. *rugga/rogga*:

29)¹¹⁸



Ísl. *vaga* : *vagga* eru taldar vera endurtekningarsagnirnar af *vega* hjá Kroonen og þær urðu til í gegnum *Associationen*¹¹⁹:

¹¹⁴ Sjá Kroonen: *The Proto-Germanic n-stems: a study in diachronic morphophonology*, bls. 175-176.

¹¹⁵ Sjá Kroonen: *The Proto-Germanic n-stems: a study in diachronic morphophonology*, bls. 218-221.

¹¹⁶ Í ef.et. er rótin **ŋt-* í hvarfstigi og **m* er því atkvæðisbært og breyttist í **um* í forfrumgermönsku. Útkoman er hið mjög óreglulega og flókna beygingardæmi **maþō̃*, **umttez* (fyrirbæri sem kallast *Schwebeablaut*). Vegna áhrifa frá nf.et. er **m* sett aftur í framstöðu. Slik útjöfnun á *Schwebeablaut* er algeng í germönskum málum, sbr. ísl. *bresta* - þt. *brustum* (ekki ***burstum*), þ. *sprechen* - *gesprochen* (ekki ***gesporchen*).

¹¹⁷ Sjá Kroonen: *Etymological Dictionary of Proto-Germanic*, bls. 400.

¹¹⁸ Sjá Kroonen: *Etymological Dictionary of Proto-Germanic*, bls. 417.


¹¹⁹ Sjá Kroonen: *Etymological Dictionary of Proto-Germanic*, bls. 568.

30)

	ie.		fgerm.		<i>Associationen</i>
et.	* $\mu o\acute{g}^h$ - $n\acute{e}h_2$ - ¹²⁰	>	* $wakk\bar{o}$ -	→	* $wagg\bar{o}$ - → <i>vagga</i>
ft.	* $\mu o\acute{g}^h$ - ηh_2 -	>	* $wagun$ -	→	* $wag\bar{o}$ - → <i>vaga</i>

Hliðstæðar eru físl. *ruppa* ‘reyta’, nhþ. *rupfen* ‘plokka’ : ísl. *rubba* sem eru taldar vera endurtekningarsagnirnar af germ. **reufan*- (ísl. *rjúfa*) hjá Kroonen og þær urðu til með sama hætti¹²¹:

31)



Lühr viðurkennir $P/D : TT \rightarrow T : TT$ en ekki hinar tegundirnar af *Associationen*¹²². Hún telur t.d. að *-cc-* í fe. *pocca* hafi orðið til í gegnum Klugeslögmal en *-hh-* í fe. *pohha* sé vegna „lautnachahmende Funktion“¹²³. Hún nefnir að *-gg-* í nhþ. *Roggen* ‘rúgur’ sé af óljósum uppruna en kannski er orðið leitt af sögninni **ruggōn* (ísl. *rugga*) vegna hreyfingar „von den Getreidehalmen“¹²⁴. En Kroonen telur að *Roggen* sé regluleg niðurstaða af *n*-stofna beygingardæminu nf. **rugō*, ef. *rukkez* sem ummyndaðist í nf. **rugō*, ef. **ruggez* í gegnum *Associationen*.

¹²⁰ Endurtekningarsagnir með rótarsérhljóði í *o*-stigi eru líka algengar. Dæmi um það má nefna ísl. *flakka*, *krabba* og *leita* (endurtekningarsögnin af *líta*), sbr. Kroonen 2013:144, 302 og 591.

¹²¹ Sjá Kroonen: *Etymological Dictionary of Proto-Germanic*, bls. 418. Kroonen: *The Proto-Germanic n-stems: a study in diachronic morphophonology*, bls. 104.

¹²² Sjá Lühr: *Expressivität und Lautgesetz im Germanischen*, bls. 206-208.

¹²³ Lühr: *Expressivität und Lautgesetz im Germanischen*, bls. 271.

¹²⁴ Lühr: *Expressivität und Lautgesetz im Germanischen*, bls. 291.

1.3 Tímatal hljóðbreytinganna

1.3.1 Frá Klugeslög máli til myndbrigðis

Þegar allt er tekið saman er tímabært að setja allar téðar hljóðbreytingar í tímaröð. Í upphafi veldur Klugeslög máli víxlunum $P/D/T : TT$ og $R : RR$ í beygingardæmum n -stofna orða og endurtekningarsagna. Innan beygingardæma eru t.d. myndbrigðin $CVD-$: $CVTT-$ orðin til. Þetta kerfi byrjar að riðlast með *Associationen*. Síðmynduðu löngu samhljóðin DD og $ÐÐ$ og þau stuttu koma síðan við sögu.

1.3.2 Frá myndbrigði til hljóðbeygingar

Kroonen leggur til að næsta skrefið sé málkerfisvæðing á samhljóðastigvíxlum¹²⁵. Eftir *Associationen* eru meginlegu víxlin svo ríkjandi að á einhverjum tímapunkti verða þau beygingarlega skilyrt víxl í n -stofna orðum og endurtekningarsögnum. Í n -stofna orðum kemur sterkur stofn fyrir í ef.et., þf.ft. og ef.ft. en í hinum föllunum er veikur stofn. Í endurtekningarsögnum er sterkur stofn í eintölu og veikur í fleirtölu. Slík hljóðbeyging er mjög sambærileg við samhljóðastigvíxl (e. *consonant gradation*) í sumum finnsk-úgrískum málum.

Þetta kerfi gerir Kroonen kleift að útskýra tilkomu $*zz$ -sins í orðum eins og nhþ. *Knorren* (< germ. **knuzzō*). Klugeslög máli verkar alls ekki á ie. $*s$, sbr. ísl. *önn* < germ. **aznō* < ie. **h₂es-néh₂*¹²⁶. N -stofna orð með $-s-$ í rótarbakstöðu höfðu upprunalega beygingardæmi án samhljóðastigvixla (nema víxl vegna Vernerlög máls) en fengu víxlin $*s/*z$ (í nf.) : $*zz$ (í ef.) síðar vegna áhrifa frá öðrum n -stofna orðum enda voru slík víxl virk hljóðbeygingarregla á því tímabili¹²⁷.

1.3.3 Hrun hljóðbeygingar og klofningur beygingardæma

Á næsta tímabili eru samhljóðastigvixlin ekki lengur virk hljóðbeygingarregla. Samkvæmt Kroonen alhæfir hvert dótturmál eitt stig af orðmyndum á

¹²⁵ Sjá Kroonen: *The Proto-Germanic n-stems: a study in diachronic morphophonology*, bls. 79.

¹²⁶ Kroonen: *The Proto-Germanic n-stems: a study in diachronic morphophonology*, bls. 48.

¹²⁷ Sjá Kroonen: *The Proto-Germanic n-stems: a study in diachronic morphophonology*, bls. 300-301.

tilviljunarkenndan hátt¹²⁸ og það sést t.d. í ísl. *toga* (með veiku stigi) og nhþ. *zucken* (með sterku stigi). Stundum eru mismunandi stig varðveitt í sama dótturmáli eins og ísl. *skrati* : *skratti*. Stundum hefur annað orðið sem klofnað hefur úr upprunalega beygingardæminu öðlast sérstaka merkingu á meðan hitt orðið varðveitir hina upprunalegu eins og nhþ. *Rabe* ‘hrafn’ : *Rappe* ‘svartur hestur’ og nhþ. *Knabe* ‘drengur’ : *Knappe* ‘skjaldsveinn’.

2. Tjáningarhersla

2.1 Á mörkum Klugeslög máls og tjáningarherslu

Klugeslög málmál er ekki eina lausnin á samhljóðastigvixlunum. Í íslensku er t.d. sú virka afleiðsluaðferð að lengja samhljóð í eiginnöfnum til að búa til samsvarandi gælunöfn eins og í *Böðvar* : *Böddi*¹²⁹. Þetta kerfi nær jafnvel til gælunafna af tókunöfnum eins og *Dabbi* ← *Davíð*. Í þessu tilfalli er ekki hægt að nota Klugeslög málmál og *Associationen* til að útskýra samhljóðslengingu af þessu tagi. Athyglisvert er að hliðstætt fyrirbæri finnst líka í samnöfnum eins og *klof* : *klobbi*, *refur* : *rebbi*.

Stundum gegnir samhljóðslenging alveg öfugu hlutverki, þ.e., hún býr ekki til gæluyrði heldur lastyrði eins og *júfur* : *júbb(i)* ‘lafandi konubríóst’. Dæmi um *júbbi* er sérstaklega lýsandi enda *júfur/júgur* < germ. **eudra*¹³⁰ og *-f-* í orðinu er því sérnorræn nýjung. Þess vegna getur *-bb-* í *júbbi* ekki rakið rætur sínar til *Associationen*.

Sambærileg dæmi má finna í sögnum eins og *streða* : *stredda*. Orðið *streða* er tökuorð, líklega úr dönsku¹³¹. **Neh₂-viðskeytið* og *Associationen* geta því ekki verið útskýring á *-dd-* í *stredda* sem er byggt á *streða*. Sama má segja um þ. *plagen* : *placken* ‘kvelja’ þar sem orðið *plagen* er tökuorð úr lat. *plāgāre* ‘slá’¹³².

¹²⁸ Sjá Kroonen: *The Proto-Germanic n-stems: a study in diachronic morphophonology*, bls. 124.

¹²⁹ Guðrún Kvaran og Sigurður Jónsson: *Nöfn Íslendinga*, bls. 30.

¹³⁰ Kroonen: *Etymological Dictionary of Proto-Germanic*, bls. 120.

¹³¹ Sjá Ásgeir Blöndal Magnússon: *Íslensk orðsifjabók*, bls. 970.

¹³² Kluge/Seebold: *Etymologisches Wörterbuch der deutschen Sprache*, bls. 634.

Á hinn bóginn eru mikil tengsl á milli Klugeslögmáls og fyrirbæranna hér að ofan. Kroonen bendir á tengingu á milli gælunafna í germönskum málum og *n*-viðskeytis í indóevrópsku með þessum orðum:

In spite of the late coinage of most hypocorism, which as a rule cannot be projected into Proto-Germanic, the system as a whole seems to have evolved out of the old Indo-European tradition of giving nicknames consisting of personalizing *n*-stems¹³³

Þetta hlutverk *n*-viðskeytisins sést enn í (f)ísl. *fari/farri*¹³⁴ og *krabbi*¹³⁵ sem leidd eru af so. *fara* og *krabba* (*krabbi* þýðir upprunalega ‘sá sem krabbar’). Álykta má að þetta merkingarhlutverk *n*-viðskeytisins og löng samhljóð sem eru algeng og dæmigerð í *n*-stofna orðum lifi áfram í gælunöfnum. Svipað má segja um síðmyndaðar endurtekningarsagnir eins og *streða* : *stredda*, *þefa* : *þebba* og þ. *plagen* : *placken*. Þessar sagnir bera merki um að það einkenni að endurtekningarsagnir eru oft með löngum samhljóðum hafi fengið nýtt líf í dótturmálum og verið notað til að mynda nýjar endurtekningarsagnir.

Kroonen hafnar *Expressivität*-kenningunni en viðurkennir tilveru gælunafna og hljóðgervinga í germönskum dótturmálum (*klappa*, *skvakka*)¹³⁶. En ofantöldu fyrirbærin, gælunöfn, gæluorð, lastyrði, nýmyndaðar endurtekningarsagnir og hljóðgervingar, eiga eitt sameiginlegt: þau eru öll með eins konar tjáningarríka merkingu. Að vísu er tjáningarhersla til og tjáningarherslukeningunni má beitt hér til að sameina öll þessi orð í einn flokk og útskýra samhljóðastigvixlin í afleiðslu.

Áberandi er að *-bb-*, *-dd* og *-gg* eru oftast notuð til að mynda tjáningarrík orð. Alexander Jóhannesson og Lühr hafna að *Associationen* hafi getað leitt til *-bb-*, *-dd-* og *-gg-* og halda fram að þau hljóð hafi orðið til vegna „Lautbedeutsamkeit“ (hjá Lühr) eða „Iterativa und Intensiva“ (hjá Alexander Jóhannessyni)¹³⁷. Hér fylgi ég þeirri skoðun Kroonens að *-bb-*, *-dd* og *-gg-* hafi ekki getað orðið til af hreinni merkingarfræðilegri ástæðu heldur í gegnum *Associationen* og önnur

¹³³ Kroonen: *The Proto-Germanic n-stems: a study in diachronic morphophonology*, bls. 82.

¹³⁴ Kroonen: *The Proto-Germanic n-stems: a study in diachronic morphophonology*, bls. 82.

¹³⁵ Kroonen: *Etymological Dictionary of Proto-Germanic*, bls. 299.

¹³⁶ Sjá Kroonen: *The Proto-Germanic n-stems: a study in diachronic morphophonology*, bls. 81-82, 125-126.

¹³⁷ Sjá Lühr: *Expressivität und Lautgesetz im Germanischen*, bls. 310 og Alexander Jóhannesson: *Die Mediageminata im Isländischen*, bls. 61.

hljóðlögma¹³⁸. Hins vegar þegar þessi hljóðön voru þegar til staðar í málkerfinu voru þau notuð sem orðmyndunartæki fyrir tjáningarrík orð¹³⁹. Hér ber að nefna að *-pp-*, *-tt-* og *-kk-* koma líka fyrir í þessum orðum þótt þau séu sjaldgæfari eins og síðar verður vikið að.

Þessi kafli er aðallega byggður á *Íslenskri orðsifjabók* (1989) eftir Ásgeir Blöndal Magnússon. Hann merkir þessi orð með hugtökunum *herslutákn*, *herslumynd*, *endurtekningarmynd*, *gælu-* (*-orð*, *-yrði*, *-mynd* og *-myndun*) og *hljóðherma*. Mörg þeirra orða sem hann merkir með *herslutákn* eða *herslumynd* eru reyndar vegna Klugeslögma¹⁴⁰ og *Associationen* eins og *hlakka* („herslutákn“¹⁴⁰), *löpp* („herslumynd“¹⁴¹) og *vagga* („herslumynd“¹⁴²). Hér á eftir verða orðin hjá honum vandlega síuð og flokkuð. Annað mikilvægt fræðirit er *Die Mediageminata im Isländischen* (1931) eftir Alexander Jóhannesson þar sem hann safnar öllum íslenskum orðum með *-bb-*, *-dd-* og *-gg-* í rótarbakstöðu og gerir grein fyrir sjö upprunaleiðum þessara orða. Tjáningarrík orð eru af ferns konar uppruna hjá honum: *erweichte Formen*, *Onomatopoeica*, *Kurzformen* og *Iterativa und Intensiva*¹⁴³. Hann telur að nafnorð geti líka verið *Iterativa* og *Intensiva* eins og sagnir¹⁴⁴ en það er ósennilegt. Orðsifjar margra orða eru heldur ekki í samræmi við nýrri rannsóknir¹⁴⁵. Þess vegna gagnast bókin ekki mikið hér.

2.2 Gælunöfn

Í íslensku eru margar leiðir til að draga gælunöfn af eiginnöfnum. Þar á meðal má nefna viðskeytin *-si/-sa* (*Björn* → *Bjössi*) og *-ki/-ka* (*Eiríkur* → *Eiki*). En algengast er að búa til gælunöfn með samhljóðslengingu. Þessi orðmyndun felst í eftirfarandi reglum:

1) Samhljóð í framstöðu og rótarsérhljóð haldast óbreytt (undantekningin er t.d. *Jón* → *Nonni*).

¹³⁸ Eins og samlögunin **-zd- > -dd-* í rödd.

¹³⁹ Sjá Kroonen: *The Proto-Germanic n-stems: a study in diachronic morphophonology*, bls. 126.

¹⁴⁰ Ásgeir Blöndal Magnússon: *Íslensk orðsifjabók*, bls. 337.

¹⁴¹ Ásgeir Blöndal Magnússon: *Íslensk orðsifjabók*, bls. 595.

¹⁴² Ásgeir Blöndal Magnússon: *Íslensk orðsifjabók*, bls. 1096.

¹⁴³ Sjá Alexander Jóhannesson: *Die Mediageminata im Isländischen*, bls. 56-60.

¹⁴⁴ Sjá Alexander Jóhannesson: *Die Mediageminata im Isländischen*, bls. 58-59.

¹⁴⁵ Hann telur t.d. að ísl. *koddi* sé skylt *kviður* (sjá Alexander Jóhannesson 1931:58) en Kroonen og Lühr tengja orðið við fe. *cēod(a)* og fhþ. *kiot* (Sjá Lühr 1988:297 og Kroonen 2013:308).

- 2) Ef samhljóð í framstöðu er *p*- breyttist það í *t*- eins og í *Þorbjörg* → *Tobba*, *Þorbjörn* → *Tobbi*.
- 3) Ef rótarsérhljóð er langt að fornu eða er tvíhljóð styttist það oft eins og í *Róbert* → *Robbi*, *Úlfur* → *Ubbi*.
- 4) Eitthvert samhljóð sem er á eftir rótarsérhljóði í upprunalega nafninu er tvöfaldað eins og t.d. *Vilhjálmur* → *Villi* (*-l-* verður fyrir valinu og lengist), *Úlfur* → *Ubbi* (*-f-* verður fyrir valinu og breytist í *-bb-*). Hér ber að nefna að tvöföldun á samhljóði er ekki alltaf meginleg heldur getur líka verið bæði meginleg og eigindleg eins og í *-f-* > *-bb-* og *-ð-* > *-dd-*.
- 5) Nafnið endurmótast í tvíkvætt orð sem beygist eftir veikri beygingu.
- 6) Á fjórða áratug síðustu aldar tóku að birtast gælunöfn sem enda á *-i/-ý* eða *-ó* eins og *Sirri/Sirry*, *Gunný*, *Gógó*¹⁴⁶ og *Bóbó*.

Þessi gælunafnahefð er raunar eldgömul í germönskum málum. Í gotnesku er að finna gælunöfn eins og *Ibba*, *Faffo*, *Mammo*, *Oppa*, *Riggo* og *Micca* og í þýsku eru *Sicko* < **Sikkan* ← *Sigmar* < **Sigi(z)mēraz*, *Fritz* < **Fritta(n)* ← *Friedrich* < **Fripurīkaz*¹⁴⁷. Samkvæmt Kroonen eru löngu samhljóðin *-bb-*, *-ff-* og *-pp-* í gotneskum gælunöfnum lýsandi vottur um að samhljóðastigvöxlun og *Associationen* áttu sér stað þegar í frumgermönsku¹⁴⁸.

Á milli upprunalegra nafna og samsvarandi gælunafna er að finna eftirfarandi samhljóðastigvöxl:

32)

<i>f</i> : <i>bb</i>	<i>Úlfur</i>	:	<i>Ubbi</i>
<i>b</i> : <i>bb</i>	<i>Róbert</i>	:	<i>Robbi</i>
<i>ð</i> : <i>dd</i>	<i>Guðríður</i>	:	<i>Gudda</i>
<i>ð</i> : <i>tt</i>	<i>Guðbrandur</i>	:	<i>Gutti</i>
<i>g</i> : <i>gg</i>	<i>Sigríður</i>	:	<i>Sigga</i>
<i>j</i> : <i>jj</i>	<i>Guðjóna</i>	:	<i>Gujja</i>
<i>l</i> : <i>ll</i> [l:]	<i>Sólveig</i>	:	<i>Solla</i>
<i>r</i> : <i>rr</i>	<i>Kjartan</i>	:	<i>Kjarri</i>
<i>m</i> : <i>mm</i>	<i>Guðmundur</i>	:	<i>Gummi</i>
<i>n</i> : <i>nn</i>	<i>Brynhildur</i>	:	<i>Binna</i>
<i>s</i> : <i>ss</i>	<i>Kristín</i>	:	<i>Krissa</i>

¹⁴⁶ Sjá Guðrún Kvaran og Sigurður Jónsson: *Nöfn Íslendinga*, bls. 31.

¹⁴⁷ Sjá Kroonen: *The Proto-Germanic n-stems: a study in diachronic morphophonology*, bls. 81.

¹⁴⁸ Sjá Kroonen: *The Proto-Germanic n-stems: a study in diachronic morphophonology*, bls. 82.

Samhljóðið *-tt-* finnst líka í *Sesselja* → *Setta* og *Guttormur* → *Gutti* en vafasamt er hvort þau tilheyra hér þar sem nafnið *Sesselía* er ekki með samhljóðið *-ð-* eða *-t-* sem *-tt-* í gælunafninu getur verið dregið af og í *Guttormur* er þegar til *-tt-*.

Þessi orðmyndunaraðferð fyrir gælunöfn virðist hafa breiðst út í samnöfn þar sem mörg gæluyrði eru afleidd með sama hætti eins og hér á eftir verður kynnt.

2.3 Gæluyrði og styttingar

Orð af þessum flokki eru með formgerðina *-VCCi/a* eins og gælunöfn. Þessi samnöfn kunna að eiga rætur í gælunafnamynduninni. Mörg gæluorð eru líka með eins konar smækkunarmerkingu og notuð í barnamáli. Til dæmis er *klobbi* gæluorð fyrir *klof*. *Klobbi* er með smækkunarmerkingu og oft haft um klof á börnum og mikið notað í barnamáli. Hér að neðan eru nokkur dæmi:

33)

<i>abbi</i>	←	<i>afi</i>
<i>gobbi</i>	←	<i>gof</i>
<i>goddi</i>	←	<i>goði</i>
<i>habbi</i>	←	<i>hafur</i>
<i>kiddi</i>	←	<i>kið</i>
<i>klobbi</i>	←	<i>klof</i>
<i>krobbi</i>	←	<i>kroppur</i>
<i>lubbi</i>	←	<i>lúfa</i>
<i>nebbi</i>	←	<i>nef</i>
<i>pabbi</i>	:	fær. <i>pápi</i>
<i>rebbi</i>	←	<i>refur</i>
<i>snabbi</i> ¹⁴⁹	←	<i>snafs</i>

Hér eru nokkrar athugasemdir: 1) *U* : *ú* í *lubbi* : *lúfa* hlýtur að vera sama eðlis og í *Ubbi* : *Úlfur* fremur en hljóðskipti. 2) Gælumyndun finnst einnig í lýsingarorðum eins og *sybbinn*¹⁵⁰ ← *syfjaður*. 3) Mörg dýraheiti eru með gælumyndir eins og *kópur* : *kobbi* og *refur* : *rebbi*. Áhugavert er að sjá að í íslensku er ógrynni af gæluorðum um hund: *seppi* : *sebbi*; *héppi* : *hébbi*; *hjuppi* : *hjubbi*; *hjundi* : *hjutti* : *hjudði*¹⁵¹ o.s.frv.

¹⁴⁹ Ásgeir Blöndal Magnússon: *Íslensk orðsifjabók*, bls. 909.

¹⁵⁰ Ásgeir Blöndal Magnússon: *Íslensk orðsifjabók*, bls. 1008.

¹⁵¹ Ásgeir Blöndal Magnússon: *Íslensk orðsifjabók*, bls. 334-336.

Í íslensku er algengt að stytta löng orð, sérstaklega samsett orð, með sömu orðmyndunaraðferð og í gælunöfnum. Hér að neðan eru nokkur dæmi:

34)

<i>graddi</i> ¹⁵²	←	<i>graðneyti</i>
<i>hjúkka</i>	←	<i>hjúkrunarfræðingur</i>
<i>hommi</i>	←	<i>hómósexúalisti</i>
<i>laggi</i>	←	<i>lagsmaður</i>
<i>lögga</i>	←	<i>lögregla</i>
<i>Mogginn</i>	←	<i>Morgunblaðið</i>
<i>plebbi</i> ¹⁵³	←	<i>plebeii</i>
<i>Wikkan</i>	←	<i>Wikipedia</i>

Athyglisvert er að endingin *-ó* gegnir sama hlutverki að stytta orð: *strætisvagn* → *strætó* og *tyggigúmmi* → *tyggjó*. Stundum geta þessar tvær orðmyndunaraðferðir verið notaðar á sama tíma eins og *gagnfræðaskóli* → *gaggó*¹⁵⁴.

Slík stytting er svo virk í nútímamáli að hún er ekki bara notuð um erlend orð eins og *plebeii* og *Wikipedia* heldur líka um atviksorð og forskeyti:

35)

<i>agga-/oggo-/oggu-/öggu</i> ¹⁵⁵	←	<i>agnar-</i>
<i>obbo</i> ¹⁵⁶	←	<i>ofboðslega</i>

Þessa orðmyndunaraðferð má líka nota til að draga nafnorð af lýsingarorðum eins og *lodda* ‘assa’¹⁵⁷ ← *loðinn*.

2.4 Lastyrði

Mörg lastyrði um fólk eru með sömu atkvæðagerð og gælunöfn, þ.e. *-VCCi/a* þó hægt sé að finna fáein sem eru með *-ur* í nf.et. og beygjast eftir sterkri beygingu. Þessi orð geta verið leidd af nafnorðum, lýsingarorðum eða sagnorðum:

36)

¹⁵² Ásgeir Blöndal Magnússon: *Íslensk orðsifjabók*, bls. 271.

¹⁵³ Ásgeir Blöndal Magnússon: *Íslensk orðsifjabók*, bls. 716.

¹⁵⁴ Kristján Árnason: *The phonology of Icelandic and Faroese*, bls. 190.

¹⁵⁵ Ásgeir Blöndal Magnússon: *Íslensk orðsifjabók*, bls. 7.

¹⁵⁶ Ásgeir Blöndal Magnússon: *Íslensk orðsifjabók*, bls. 682.

¹⁵⁷ Ásgeir Blöndal Magnússon: *Íslensk orðsifjabók*, bls. 571.

<i>brussa</i>	‘sver og skessuleg kona’	:	skylt <i>brúsi</i> ‘einsk. ílát’ ¹⁵⁸
<i>bubbi/bobbi/</i>	‘ríkur og montinn maður’	:	skylt <i>býfa</i> ‘stór hönd’ ¹⁵⁹
<i>buppi/buppur</i>	(eins og í <i>rikisbubbi</i>)		
<i>dubba</i>	‘subbuleg kona’	:	e.t.v. skylt <i>dabba</i> , <i>döf</i> ¹⁶⁰
<i>graddi</i>	‘graður maður’	←	<i>graður</i>
<i>gribba</i>	‘ófríð og grett kona’	:	e.t.v. skylt <i>grubb</i> og <i>grófur</i>
<i>groddi</i>	‘ruddafenginn maður’	:	skylt <i>grjót</i> , <i>grotna</i> ¹⁶¹
<i>grubba</i>	‘sóðaleg kona’	:	e.t.v. skylt <i>grubb</i> , <i>gropinn</i> ¹⁶²
<i>hnubbur</i>	‘feitlaginn drengur’	:	skylt <i>hnúfa</i> ¹⁶³
<i>tuddi</i>	‘kúgari’	:	skylt <i>teyða</i> , <i>tuðra</i> ¹⁶⁴
<i>vibbi</i>	‘e-r viðbjóðslegur’	←	<i>viðbjóðslegur</i> ¹⁶⁵
<i>þybbur</i>	‘þrár og hnellinn maður’	:	skylt <i>þúfa</i> ¹⁶⁶

Hér þarf að taka fram að neikvæðar merkingar sumra orða eru ekki upprunalegar, t.d. *tuddi* þýðir upprunalega ‘bolakálfur’ eins og Ásgeir Blöndal Magnússon bendir á í orðsifjabók sinni. Svo eru sum orð með vafasamar orðsifjar eins og *dubba* og *gribba*. Ásgeir ætlar að *u-ið* í *dubba* sé komið úr aukaföllum af kvk. **dabba* sem er leidd af sögninni *dabba* ‘óhreinka’. Annar möguleikinn er að tengja orðið við *deyfa*. Um *gribba* skrifar hann að orðið hafi kannski verið með *-y-* í rótinni og svo er hægt að tengja það við *grubb*. Síðan er erfitt að segja til um hvers eðlis *ú* : *u/y* er í *hnúfa* : *hnubbur* og *þúfa* : *þybbur*.

2.5 Nýjar endurtekningarsagnir

Hægt er að draga endurtekningarsagnir af sögnum eða nafnorðum með því að tvöfalda samhljóð í rótarbakstöðu. Þessar nýju endurtekningarsagnir eru aðgreindar frá þeim gömlu sem eru leiddar með **neh₂-viðskeyti*. Eitt gamalt orð af slíku tagi er físl. *hugga* (ísl. *hugga*, fær. *ugga*) sem Kroonen tengir við germ. **hugi-* (ísl. *hugur*) og útskýrir sem „late iterative“¹⁶⁷. Ásgeir Blöndal merkir sumar þessara sagna með hugtökunum *endurtekningartákn*, *endurtekningarmynd* eða *herslumynd*. Hér að neðan eru nokkur dæmi:

¹⁵⁸ Ásgeir Blöndal Magnússon: *Íslensk orðsifjabók*, bls. 87.

¹⁵⁹ Ásgeir Blöndal Magnússon: *Íslensk orðsifjabók*, bls. 89.

¹⁶⁰ Ásgeir Blöndal Magnússon: *Íslensk orðsifjabók*, bls. 133.

¹⁶¹ Ásgeir Blöndal Magnússon: *Íslensk orðsifjabók*, bls. 280.

¹⁶² Ásgeir Blöndal Magnússon: *Íslensk orðsifjabók*, bls. 282.

¹⁶³ Ásgeir Blöndal Magnússon: *Íslensk orðsifjabók*, bls. 352.

¹⁶⁴ Ásgeir Blöndal Magnússon: *Íslensk orðsifjabók*, bls. 1067.

¹⁶⁵ Mörður Árnason, Svavar Sigmundsson og Örnólfur Thorsson: *Orðabók um slangur, slettur, bannorð og annað utangarðsmál*, bls. 141.

¹⁶⁶ Ásgeir Blöndal Magnússon: *Íslensk orðsifjabók*, bls. 1207.

¹⁶⁷ Kroonen: *Etymological Dictionary of Proto-Germanic*, bls. 252.

37)

<i>hossa</i> ¹⁶⁸	17. öld	‘lyfta og láta síga á víxl’	←	<i>hosa</i> ‘lyfta’
<i>hugga</i>	físl.		:	skylt <i>hugur</i>
<i>kjagga</i> ¹⁶⁹	17. öld	‘= <i>kjaga</i> ’	←	<i>kjaga</i> ‘ganga vaggandi’
<i>kjakka</i> ¹⁷⁰	nísl.	‘höggva í sama far’	←	<i>kjaka</i> ‘berja fast’
<i>þjakka</i> ¹⁷¹	?	‘margstinga’	←	<i>þjaka</i> ‘baksa’
<i>sabba</i> ¹⁷²	18. öld	‘éta sóðalega’	:	skylt <i>safi</i>
<i>stredda</i> ¹⁷³	nísl.		←	<i>streða</i> ‘baksa’
<i>þebba</i> ¹⁷⁴	nísl.		←	<i>þefa</i>

Athyglisvert er að sjá að *kjagga* : *kjaga*, *stredda* : *streða* og *þebba* : *þefa* eru reyndar nánast samheiti. Hugsanlegt er að tvöföldun á samhljóði í rótarkastöðu styrki endurtekningarmerkingu að einhverju leyti.

2.6 Hljóðgervingar

Í hljóðgervingum eru löng samhljóð¹⁷⁵ títt notuð og dæmi þess eru mörg: *hvíssa* ‘hvína’, *marra* ‘braka’, *krummi* (upprunalega um krunk í hrafni)¹⁷⁶, *gagga* ‘gefa frá hljóð (um tófu og fugl)’, *pura* : *purra* ‘segja *pr*’, *freta*¹⁷⁷ og *flissa*¹⁷⁸. Sumir hljóðgervingar voru þegar til í forníslensku eins og *klappa*, *skvakka*¹⁷⁹. Eitt sérstaklega gamalt dæmi er ísl. *koss*, fe. *coss* (sbr. so. ísl. *kyssa*, ne. *kiss*, nhþ. *küssen*) sem Kroonen endurgerir sem germ. **kussa*- og telur langa *s*-ið vera „sound symbolism“¹⁸⁰.

Í íslensku eru til kallarð sem notuð eru til að kalla á dýr, t.d. við hunda er sagt *hjubba-hjubb*¹⁸¹ og við lömb *labba-labb*¹⁸². Segja má að kallarðin séu einskonar gælukennir hljóðgervingar enda eru kallarð stundum notuð sem gæluorð um viðkomandi dýr eins og *púta* : *púdda* um hænu. Sum kallarð hafa mismunandi

¹⁶⁸ Ásgeir Blöndal Magnússon: *Íslensk orðsifjabók*, bls. 364.

¹⁶⁹ Ásgeir Blöndal Magnússon: *Íslensk orðsifjabók*, bls. 465.

¹⁷⁰ Ásgeir Blöndal Magnússon: *Íslensk orðsifjabók*, bls. 465.

¹⁷¹ Ásgeir Blöndal Magnússon: *Íslensk orðsifjabók*, bls. 713.

¹⁷² Ásgeir Blöndal Magnússon: *Íslensk orðsifjabók*, bls. 791.

¹⁷³ Ásgeir Blöndal Magnússon: *Íslensk orðsifjabók*, bls. 970.

¹⁷⁴ Ásgeir Blöndal Magnússon: *Íslensk orðsifjabók*, bls. 1173.

¹⁷⁵ Með „löng samhljóð“ er líka átt við *-pp-*, *-tt-* og *-kk-* sem eru reyndar hljóðasambönd [hp, ht og hk] í nútímamáli en þau voru e.t.v. löng óródduð lokhljóð í frumgermönsku, jafnvel í forníslensku.

¹⁷⁶ Ásgeir Blöndal Magnússon: *Íslensk orðsifjabók*, bls. 510.

¹⁷⁷ Ásgeir Blöndal Magnússon: *Íslensk orðsifjabók*, bls. 730.

¹⁷⁸ Ásgeir Blöndal telur langa *s*-ið vera einsk. herslutákn (Ásgeir Blöndal Magnússon 1989:192) en ég hallast að því að útskýra orðið sem hljóðgerving.

¹⁷⁹ Sjá Kroonen: *The Proto-Germanic n-stems: a study in diachronic morphophonology*, bls. 125.

¹⁸⁰ Kroonen: *Etymological Dictionary of Proto-Germanic*, bls. 313.

¹⁸¹ Ásgeir Blöndal Magnússon: *Íslensk orðsifjabók*, bls. 335.

¹⁸² Ásgeir Blöndal Magnússon: *Íslensk orðsifjabók*, bls. 540.

afbrigði þar sem samhljóð í rótarbakstöðu víxla á milli $D : T : TT : DD$. Hér fyrir neðan eru nokkur dæmi:

38)

kallorð við kind	<i>tif-tif</i> ¹⁸³	:	<i>tip-tip</i>	:	<i>tippo(g)tipp</i>	:	<i>tibb-tibb</i>
	<i>kifa-kif</i> ¹⁸⁴	:	<i>kippa-kipp</i>	:	<i>kibba-kibb</i>	:	
	<i>gefa-gef</i> ¹⁸⁵	:	<i>gibba-gibb</i>	:		:	
kallorð við hænu	<i>pút-pút</i> ¹⁸⁶	:	<i>púdda-púdd</i>	:		:	
kallorð við kött	<i>kis-kis</i> ¹⁸⁷	:	<i>kiss-kiss</i>	:		:	

2.7 Niðurlag

Tjáningarhersla er afar flókið fyrirbæri. Ég geri ráð fyrir að hún sé samsett af fimm undirtegundum og eru þær: gælunöfn, gæluyrði og styttingar, lastyrði, nýjar endurtekningarsagnir og hljóðgervingar. Ekki er þó útilokað að til séu fleiri undirtegundir sem kynnu tilheyra hér og vonandi skýrist þetta betur í framtíðar rannsóknum. Tjáningarhersluketningunni fylgja einnig margar flækjur og vandamál. Eitt þeirra má nefna tímasetningu og fjölþætni þessa fyrirbæris. Gælunafnahefðin virðist vera eldgamalt fyrirbæri þar sem hún finnst í öllum germönskum málum en sum orð, eins og nýju endurtekningarsagnirnar *kjakk* og *stredda*, eru hins vegar séríslensk og koma aðeins fyrir í nútímamálinu. Miðað við Klugeslögmál og *Associationen* sem hafa afmarkaða tímasetningu, þ.e. á samgermönskum tíma, nær tjáningarhersla yfir miklu lengri tíma, e.t.v. frá germönsku til nútíma íslensku. Stundum er vandkvæðum bundið að tímasetja sum tjáningarrík orð og vonandi verður nýju ljósi varpað á málið í framtíðinni.

3. Hljóðdvalarbreytingin

Eins og kunnugt er hljóðdvalarbreytingin ein mesta breyting sem orðið hefur í íslensku máli. Hljóðdvalarbreytingin stóð yfir frá 15. öld til 17. aldar á Íslandi¹⁸⁸. Fyrir breytinguna hafði áhersluatkvæði þrjár tegundir eftir lengd: stutt atkvæði

¹⁸³ Ásgeir Blöndal Magnússon: *Íslensk orðsifjabók*, bls. 1038.

¹⁸⁴ Ásgeir Blöndal Magnússon: *Íslensk orðsifjabók*, bls. 459.

¹⁸⁵ Ásgeir Blöndal Magnússon: *Íslensk orðsifjabók*, bls. 448.

¹⁸⁶ Ásgeir Blöndal Magnússon: *Íslensk orðsifjabók*, bls. 727.

¹⁸⁷ Ásgeir Blöndal Magnússon: *Íslensk orðsifjabók*, bls. 464.

¹⁸⁸ Haraldur Bernharðsson: *Icelandic: a historical linguistic companion*, bls. 177.

(endar á stuttu sérhljóði), langt atkvæði (endar á löngu sérhljóði eða stuttu sérhljóði og stuttu samhljóði) og yfirlangt atkvæði (endar á stuttu sérhljóði og tveimur eða fleiri samhljóðum eða á löngu sérhljóði og minnst einu samhljóði). Hljóðdvalarbreytingin fólst í því að lengja sérhljóð í stuttu atkvæði og stytta sérhljóð í yfirlöngu atkvæði svo að öll áhersluatkvæði yrðu löng¹⁸⁹. Eftir hljóðdvalarbreytinguna er einungis ein tegund af áhersluatkvæði: löng atkvæði.

3.1 Samhljóðastigvíxl vegna hljóðdvalarbreytingarinnar

Meginregla hljóðdvalarbreytinganna í íslensku kemur bara við sérhljóð, þ.e.a.s. breytingin fólst í því að lengja eða stytta sérhljóð í áhersluatkvæðum til þess að fastri skipan væri komið á lengd áhersluatkvæða. Kristján Árnason bendir á að hljóðdvalarbreytingin sé reyndar ekki séríslensk hljóðbreyting heldur hafi hún líka orðið fyrir færeysku og flestum mállýskum af norsku og sænsku¹⁹⁰ en í þessum málum gat breytingin farið hina leiðina: í stuttu áhersluatkvæði gat samhljóð lengst í stað sérhljóðs (VC > VCC í stað VC > V:C).

Samkvæmt Kristjáni er meginregla hljóðdvalarbreytinganna í færeysku sú sama og í íslensku þótt fáein orð hafi vikið frá meginreglunni og farið hina leiðina¹⁹¹. Hann nefnir fnorr. *sumar* > fær. *summar*. Í norsku og sænsku eru slík tilbrigði landshlutabundin: mállýskur í norðri hallast að því að lengja samhljóð en í suðri er sérhljóðslenging í upphaldi¹⁹². Nokkur þessara orða sem fóru hina leiðina hafa ratað inn í staðlaða sænsku eins og fnorr. *vika* > sæ. *vecka*¹⁹³.

Nú snúum við okkur að íslensku. Í íslensku hljóðdvalarbreytingunni er meginreglan ríkjandi en Kristján nefnir eitt orð sem vék frá meginreglunni: fisl. *fram* > ísl. *fram* [fram:]¹⁹⁴. Mér datt í hug orðið *brott* sem var *braut(u)* að fornu. Í þessu orði styttest *au*-ið en lengdist *t*-ið. Hér má giska á að orð með atkvæðagerðina VC hafi þróast eftir meginreglunni en fáein þeirra orða í einhverjum mállýskum farið hina leiðina svo að í samtímanum séu komnar víxlamyndir V:C og VCC. Þetta getur verið þriðji uppruni samhljóðastigvíxlanna.

¹⁸⁹ Haraldur Bernharðsson: *Icelandic: a historical linguistic companion*, bls. 177.

¹⁹⁰ Kristján Árnason: *Quantity in historical phonology. Icelandic and related cases*, bls. 65.

¹⁹¹ Kristján Árnason: *Quantity in historical phonology. Icelandic and related cases*, bls. 66.

¹⁹² Kristján Árnason: *Quantity in historical phonology. Icelandic and related cases*, bls. 66, 73.

¹⁹³ Kristján Árnason: *Quantity in historical phonology. Icelandic and related cases*, bls. 73.

¹⁹⁴ Kristján Árnason: *Quantity in historical phonology. Icelandic and related cases*, bls. 66.

Ásgeir Blöndal nefnir eftirfarandi orð sem hugsanleg dæmi um hljóddvalarbreytinguna:

39)

<i>bala</i>	:	<i>balla</i> [l:]	‘tóra, lafa uppi’ ¹⁹⁵
<i>flipi</i>	:	<i>flibbi</i>	‘hangandi skinntætla’ ¹⁹⁶
<i>keri</i>	:	<i>kerri</i>	‘sarakanni’ ¹⁹⁷
<i>mara</i>	:	<i>marra</i>	‘fljóta í hálfu kafi’ ¹⁹⁸
<i>rumur</i>	:	<i>rummur</i>	‘beljaki’ ¹⁹⁹
<i>skota</i>	:	<i>skodda</i>	‘regnhryðja’ ²⁰⁰
<i>tosa</i>	:	<i>tossa</i>	‘toga í’ ²⁰¹

Af því að hljóddvalarbreytingin varð seint í íslensku má búast við því að í málinu séu enn fleiri slíkar leifar. Hér eru fleiri orð sem gætu tilheyrt hér:

40)

<i>gari</i>	:	<i>garri</i>	‘kaldur vindur’
<i>kusa</i>	:	<i>kussa</i>	‘gæluorð um kú’
<i>kuti</i>	:	<i>kutti</i>	‘lítill hnifur’
<i>luma</i>	:	<i>lumma</i>	‘klunnaleg hönd; barnshönd’
<i>puti</i>	:	<i>putti</i>	‘fingur’
<i>ramur</i>	:	<i>rammur</i>	‘sterkur’

Vafasamara er að halda því fram að hljóddvalarbreytingin sé á bak við þessi tilbrigði enda til fleiri hugsanlegar útskýringar á samhljóðavíxlunum í þessum orðum. Ásgeir Blöndal Magnússon telur að langa *r*-ið í *garri* sé hugsanlega „herslu-tvöföldun“²⁰² en ekki er óhugsandi að það sé hljóðhermueðlis. Ásgeir telur að *-s-* í *kusa* sé gælu- og smækkunarviðskeyti²⁰³ en Kroonen bendir á að upprunalega myndin í forníslensku sé *kursi* sem breyttist í *kussi* vegna samlögunar²⁰⁴ (sbr. *fors* > *foss*) en hjá honum er stutta *s*-ið í *kusa* óútskýrt. Í *kutti*, *lumma* og *putti* getur verið *expressif* samhljóðslenging þar sem í þessum orðum gætir einskonaar gælu- eða smækkunarmerkingar. Tilbrigðin *ramr* : *rammr* voru þegar til staðar snemma í

¹⁹⁵ Ásgeir Blöndal Magnússon: *Íslensk orðsifjabók*, bls. 38.

¹⁹⁶ Ásgeir Blöndal Magnússon: *Íslensk orðsifjabók*, bls. 191.

¹⁹⁷ Ásgeir Blöndal Magnússon: *Íslensk orðsifjabók*, bls. 191.

¹⁹⁸ Ásgeir Blöndal Magnússon: *Íslensk orðsifjabók*, bls. 606.

¹⁹⁹ Ásgeir Blöndal Magnússon: *Íslensk orðsifjabók*, bls. 779.

²⁰⁰ Ásgeir Blöndal Magnússon: *Íslensk orðsifjabók*, bls. 852.

²⁰¹ Ásgeir Blöndal Magnússon: *Íslensk orðsifjabók*, bls. 1054.

²⁰² Ásgeir Blöndal Magnússon: *Íslensk orðsifjabók*, bls. 231.

²⁰³ Ásgeir Blöndal Magnússon: *Íslensk orðsifjabók*, bls. 519.

²⁰⁴ Kroonen: *Etymological Dictionary of Proto-Germanic*, bls. 312.

forníslensku fyrir hljóðdvalarbreytinguna: „ef maþr tecr féotslo ramma með vanstillingo“ (*Hómiliubók*) og „rámr er sterkr maðr“ (*Fyrsta málfraeðiritgerðin*)²⁰⁵. Í færeysku er *ramur* sjálfgefin mynd en í íslensku *rammur*. Vixlin í fornmáli hljóta að vera annars eðlis en eftirhreytur af hljóðdvalarbreytingunni. Ásgeir Blöndal Magnússon segir að langa *m*-ið sé e.t.v. herslutákn²⁰⁶ en ég sé enga ástæðu til að gera ráð fyrir tjáningarherslu hér þar sem orðið er ekki með neina tjáningarríka merkingu.

Af ofantöldum orðum má álykta að hljóðdvalarbreytingin getur valdið samhljóðastigvixlum en örugg dæmi þess eru ekki mörg.

3.2 Orð eins og *hagi*

Jón Axel Harðarson skrifaði grein sem ber titilinn „Forsaga og þróun orðmynda eins og *hagi*, *segja* og *lægja* í íslenzku“ þar sem hann rekur rækilega þróunarsögu af framburði *g*-sins í þessum orðmyndum. Hann lítur á breytinguna *hagi* [haji] > [hajji] hjá þorra Íslendinga og [ha:ji] hjá Skaftfellingum þannig að við hljóðdvalarbreytinguna hafi þorri Íslendinga lengt *j*-ið en Skaftfellingar *a*-ið²⁰⁷. Ef Jón Axel hefur á réttu að standa má segja að framburðartilbrigðin í orðum eins og *hagi* í nútímamáli geti verið undirtegun af samhljóðastigvixlum vegna hljóðdvalarbreytingarinnar²⁰⁸.

4. Endurskoðun á orðsifjum nokkurra orða

Þegar allt er tekið saman er komið að því að endurskoða orðsifjar nokkurra orða og líka fálma svolítið út í óvissuna og varpa fram spurningum fyrir frekari athuganir. Ástæða þessa kafla er sú að í mörgum tilfellum eru engin skörp skil á milli upprunaskýringanna þriggja sem hér hefur verið fjallað um. Upprunaskýringarnar þrjár duga ekki heldur alltaf til að varpa ljósi á samhljóðastigvixl. Þess vegna er þörf á að grannskoða orðsifjar ýmissa orða og velta fyrir sér tillögum fræðimanna.

²⁰⁵ *Ordbog over det norrøne prosasprog*: sótt 4. september 2019 af <https://onp.ku.dk/onp/#c515708>.

²⁰⁶ Ásgeir Blöndal Magnússon: *Íslensk orðsifjabók*, bls. 741.

²⁰⁷ Jón Axel Harðarson: Forsaga og þróun orðmynda eins og *hagi*, *segja* og *lægja* í íslenzku, bls. 89.

²⁰⁸ Hér ber að nefna að [j] er reyndar ekki samhljóð heldur hálf-samhljóð eða hálf-sérhljóð.

4.1 Hljóðskiptin *ú* : *u*?

Mörg skyld orð sem sýna samhljóðastigvíxlin eru líka með víxlin *ú* : *u* í rótarsérhljóðum eins og eftirfarandi dæmi:

41)

<i>hnútur</i>	:	nhþ. <i>Knoten</i> , ne. <i>knot</i>
<i>stúfur</i>	:	<i>stubbur/stubbi</i>
<i>kúfur</i>	:	<i>kubbur/kubbi</i>
<i>súði</i>	:	<i>suddi</i>
<i>slúð</i>	:	<i>slydda</i>
<i>túta, tútur</i>	:	<i>tota, tottur/totti</i>

Kroonen hefur fjallað ýtarlega um hljóðskiptin **ū* : **u* í sterkum sögnum (eins og í *súpa - supum*)²⁰⁹. Aðal hugmyndin hjá honum er sú að hljóðskiptin **ū* : **u*, sem kemur fyrir jafnframt **eu* : **u* (eins og í *krjúpa - krupum*), sé ekki upprunaleg. Það er upprunalega hljóðskiptaröðin **eu* : **u* sem breyttist í **ū* : **u* í sumum sögnum, e.t.v. í gegnum áhrifsbreytingu frá hljóðskiptunum **ī* : **i* í sterkum sögnum af fyrsta flokknum (eins og *líta - litum*). Hér kemur að spurningunni hvort slík síðtilorðin hljóðskiptaröð hafi líka verið til í beygingardæmum *n*-stofna orða svo að hægt sé að sameina orð í hverju orðapari í eitt og sama beygingardæmi.

Kroonen og Lühr hafa fjallað um *hnútur*, *stúfur* og *kúfur* og hinum orðunum bæti ég við. Í þessum orðum eru samhljóðastigvíxlin *d* : *t* : *tt* og *f* : *bb* auðveldlega útskýrð með *Associationen* Kluges. En Kroonen og Lühr ber ekki saman um *ú* : *u* í þeim orðum. Kroonen telur að hljóðskiptaröðin **ū* : **u* hafi verið til í beygingum *n*-stofna orða og tilkoma þessarar hljóðskiptaraðar í *n*-stofna orðum sé í gegnum sömu áhrifsbreytingu og í sterkum sögnum²¹⁰. Lühr er varfærnari og telur of miklum vandkvæðum bundið að útskýra *ú* : *u* og því ekki hægt að sameina *stúfur*, *stofn* og *stubbur/stubbi* í eitt og sama beygingardæmi²¹¹. Hér vil ég ekki taka afstöðu heldur frekar setja fram spurninguna fyrir frekari rannsóknir. Svo er athyglisvert að velta fyrir sér hvort *súði* : *suddi* tilheyrði sama beygingardæmi eða hvort *suddi* er einskona gælumynd af *súði*, þá mætti nota *Úlfur* : *Ubbi* til að útskýra *ú* : *u* hér.

²⁰⁹ Sjá Kroonen: *The Proto-Germanic n-stems: a study in diachronic morphophonology*, bls. 112-117.

²¹⁰ Sjá Kroonen: *The Proto-Germanic n-stems: a study in diachronic morphophonology*, bls. 267-268.

²¹¹ Sjá Lühr: *Expressivität und Lautgesetz im Germanischen*, bls. 319-320.

4.2 -ff-

Að minnsta kosti fimm orð með -pp- í rótarbakstöðu hafa víxlmyndir með -ff-:

42)

<i>boppa</i>	:	<i>boffa</i>	‘gjamma’	„einsk. hljóðgervingur“ ²¹²
<i>groppa</i>	:	<i>groffa</i>	‘e-ð glypjulegt’	„staðbundin frb.mynd“ ²¹³
<i>kjappi</i> : <i>kjabbi</i>	:	<i>kjaffi</i>	‘hafur’	„uppruni óljós“ ²¹⁴
<i>roppugóð</i>	:	<i>roffugóð</i>	‘stelpugægsni’ ²¹⁵	
<i>soppa</i>	:	<i>soffa</i>	‘þunnt deig’	„staðbundinn frb.mynd“ ²¹⁶

Öll þessi orð með -ff- í rótarbakstöðu eiga sér enga samsvörun í grannmálum samkvæmt Ásgeiri Blöndal Magnússyni og þess vegna hljóta þau að vera ung í málinu og *Associationen* verður því ekki verið notuð hér til að útskýra tilkomu *ff*-sins. Ég er sammála Ásgeiri um að -ff- í *boffa* er hljóðhermueðlis en -ff- í hinum orðunum er óútskýrt hjá honum. Hann nefnir að *soffa* og *groffa* séu staðbundnar framburðarmyndir en tilgreinir ekki hvar. Gaman yrði að stunda rannsóknir á því. Svo er spurningin hvort -ff- í *kjaffi* og *roffugóð* gegni eins konar expressífu hlutverki í ljósi gælukenndrar merkingar orðanna.

4.3 Óvæntar samhljóðsstyttingar

43)

<i>stamur</i>	:	† <i>stammur</i>
<i>kramur</i>	:	† <i>krammur</i>

Kroonen endurgerir ie. **stomH-nó-* > germ. **stamma-* > ísl. *stammur*, gotn. *stamms*²¹⁷ en gerir ekki ráð fyrir stutta *m*-inu í *stamur*. Hjá Ásgeiri Blöndal er orðið *stammur* ekki skráð. Í *Ordbog over det norrøne prosasprog* voru tilbrigðin *stamur* : *stammur* til í elstu heimildum²¹⁸. Sama má segja um *kramur* : *krammur*. Kroonen

²¹² Ásgeir Blöndal Magnússon: *Íslensk orðsifjabók*, bls. 68-69.

²¹³ Ásgeir Blöndal Magnússon: *Íslensk orðsifjabók*, bls. 280.

²¹⁴ Ásgeir Blöndal Magnússon: *Íslensk orðsifjabók*, bls. 467.

²¹⁵ Ásgeir Blöndal Magnússon: *Íslensk orðsifjabók*, bls. 773.

²¹⁶ Ásgeir Blöndal Magnússon: *Íslensk orðsifjabók*, bls. 926.

²¹⁷ Kroonen: *Etymological Dictionary of Proto-Germanic*, bls. 473.

²¹⁸ *Ordbog over det norrøne prosasprog*: sótt 5. september 2019 af <https://onp.ku.dk/onp/#o75051>.

endurgerir ie. *g^wroms-(m)ó- > germ. *kramma-²¹⁹, Ásgeir Blöndal Magnússon skrifar: „ekki er ljóst hvernig víxlan *mm* og *m* er tilkomin, en hennar gætir einnig í nno., sbr. *kremme* kv.: *kræme* kv. ‘raki, þíða’²²⁰. Samkvæmt Ásgeiri er gotn. *grammiþa* ‘raki’ skylt orð. Í báðum gotnesku orðunum er *m*-ið langt og ef litið er á gotnesku orðin sem upprunalegu orðmyndirnar þá hafa íslensku orðin orðið fyrir eins konar óvæntri styttingu á *m*-inu. Ástæðan fyrir því er enn óljós samkvæmt þeim orðsifjaritum sem eru fyrir hendi og þetta kallar á frekari rannsóknir.

4.4 *Stari : starri*

Þetta er fróðlegt dæmi. Kroonen ætlar að samhljóðastigvíxlin hér eigi rætur að rekja til eins og sama beygingardæmisins: germ. nf. *starō, ef. *starrez < ie. nf. *h₂stór-ō(n), et. *h₂stor-n-és²²¹ (eða frekar nf. *h₂stor-én, ef. *h₂stŕ-n-és → *h₂stor-n-és). Á hinn bóginn bendir Ásgeir Blöndal Magnússon á að upprunalega myndin af orðinu sé *stari* og langa *r*-ið í *starri* sé „vísast ungt, líkl. hljóðbreyting *r* > *rr*, frekar en áhrif frá *starr*“²²². Athugasemdir beggja fræðimannanna eru hugsanlegar. Ef langa *r*-ið er ungt þá mætti rekja lengingu á *r*-inu til hljóðhermu eftir fuglinum eða til hljóðdvalarbreytingarinnar.

4.5 *Tosa : tossa*

Kroonen endurgerir ie. *d(u)s-néh₂-, *d(u)s-ŋh₂- > germ. *tus(s)ōn-²²³. Ásgeir Blöndal Magnússon segir: „*ss* < *s* í tengslum við hljóðdvalarbreytinguna eða forn víxlan“²²⁴ án þess að tilgreina hvaða „forn víxlan“ var á ferð. Það sem Kroonen heldur fram getur ekki átt við rök að styðjast. Ef sögnin hefði átt rætur að rekja til ie. *d(u)s-néh₂-, *d(u)s-ŋh₂- þá mætti búast við Vernerslögmáli sem hefði leitt til germ. **tuznō-, **tuzun- > físl. ***tunna*, ***tyra/tøra*. Líklegast er að langa *s*-ið sé endurtekningartákn en hljóðdvalarbreytinguna má heldur ekki útiloka hér.

²¹⁹ Kroonen: *Etymological Dictionary of Proto-Germanic*, bls. 300-301.

²²⁰ Ásgeir Blöndal Magnússon: *Íslensk orðsifjabók*, bls. 501.

²²¹ Kroonen: *Etymological Dictionary of Proto-Germanic*, bls. 475.

²²² Ásgeir Blöndal Magnússon: *Íslensk orðsifjabók*, bls. 951.

²²³ Kroonen: *Etymological Dictionary of Proto-Germanic*, bls. 528.

²²⁴ Ásgeir Blöndal Magnússon: *Íslensk orðsifjabók*, bls. 1054.

4.6 Þegja : þagga

„An interesting formation“ segir Kroonen²²⁵ og með honum má taka undir. Sögnin *þagga* lítur út fyrir að vera endurtekningarsögn en hefur í raun orsakarmerkinguna ‘fá e-n til að þegja’. Kroonen vill rekja *gg-ið* til **néh₂-viðskeytisins* og *Associationen* og útskýrir að **néh₂-viðskeytið* geti líka myndað orsakarsagnir í öðrum indóevrópskum málum, sbr. skt. *riñáti* ‘láta fljóta’²²⁶. Þetta er hugsanlegt. Ásgeir Blöndal Magnússon segir einfaldlega: „langa *g-ið* gæti verið einsk. herslutákn“²²⁷. Ég sé enga ástæðu til að gera grein fyrir tjáningarherslu hér þar sem orðið sjálft er ekki með neina tjáningarrika merkingu. Svo vil ég leggja til þriðju útskýringuna. Jón Axel Harðarson bendir á að í frumnorraenu innan beygingardæma sagnanna *segja* og *þegja* hafi skipst á stofnmyndirnar *hann þegir* : *þeir þeggja*²²⁸. Stofnmyndin *þeggj-* er nú horfin úr málinu vegna útjöfnunar innan beygingardæmis en sögnin *þagga* gæti verið bakmyndun (e. back-formation) byggð á *þeggj-*.

4.7 †*Svima* : †*svimma*

Í forníslensku brá fyrir þessum tveimur samheitum sem þýða ‘synda’. Ásgeiri Blöndal Magnússyni er ekki ljóst hvernig víxlan *m* og *mm* er háttáð, „en langa *m-ið* sýnist mest bundið við nt. st.so.“²²⁹. Rétt er hjá Ásgeiri að langa *m-ið* var mest bundið nútíð af því að hér er um að ræða fornt *n-innskeyti* eða *-viðskeyti* sem var notað til að mynda nútíðarstofn sagna í frumindóevrópsku eins og Kroonen bendir líka á²³⁰. Kroonen endurgerir ie. **sue-m-ne-* eða **sue-n-m-e-* og **-mn-* eða **-nm-* samlagaðist í **-mm-* í frumgermönsku. Þetta við- eða innskeyti var aðeins í nútíð og í þátíð er sögnin *svam* < ie. **suom-*. Annað dæmi með slíku *n-i* sem kemur fyrir aðeins í nútíð má nefna *fregna* - þt. *frá*. Hér má álykta að upprunalega beygingin hafi verið *svimma* - *svam* en annað beygingardæmið, *svima* - *svam*, hafi myndast með því að alhæfa stutta *m-ið* í beygingardæmi sagnarinnar. Víxlin *m* : *mm* hér eru ekki tengd neinum af þremur upprunamöguleikunum sem nefndir eru í ritgerðinni.

²²⁵ Sjá Kroonen: *Etymological Dictionary of Proto-Germanic*, bls. 531.

²²⁶ Sjá Kroonen: *Etymological Dictionary of Proto-Germanic*, bls. 531.

²²⁷ Sjá Ásgeir Blöndal Magnússon: *Íslensk orðsifjabók*, bls. 1170.

²²⁸ Sjá Jón Axel Harðarson: Forsaga og þróun orðmynda eins og *hagi*, *segja* og *lægja* í íslensku, bls. 81.

²²⁹ Ásgeir Blöndal Magnússon: *Íslensk orðsifjabók*, bls. 1003.

²³⁰ Kroonen: *Etymological Dictionary of Proto-Germanic*, bls. 501.

Niðurstaða

Þegar allt er til róta rakið má segja að samhljóðastigvíxl í íslensku eru afar fjölbætt fyrirbæri. Víxlin eiga rætur að rekja til Klugeslög máls þegar frumindóevrópska þróaðist í frumgermönsku. Samhljóðastigvíxlin birtust fyrst í beygingardæmum (*m*)*n*-stofna orða og endurtekningarsagna. Þegar hljóðönnin *-*TT*- og *-*RR*- af völdum Klugeslög máls og *-*DD*- og *-*PP*- af völdum *Associationen* voru þegar til staðar í forn málinu voru þau mikið notuð til að búa til tjáningarrík orð eins og gælumyndir og hljóðgervinga. Frá 15. öld til 17 aldar varð hljóðdvalarbreytingin. Fáein orð með atkvæðagerðina -*VC* viku frá meginreglunni (-*VC* > -*V:C*) e.t.v. í einhverjum mállýskum og fóru hina leiðina þar sem samhljóð lengdust. Með því sköpuðust víxlmyndir *V:C* : *VCC* í nútímamáli.

Rannsókn þessi svarar nokkrum spurningum um samhljóðastigvíxlin en vekur upp enn fleiri. Stundum eru engin skörp skil á milli upprunaskýringanna þriggja og til eru orð sem útskýra má með fleiri en einum hætti. Svo eru samhljóðastigvíxl í sumum orðum sem ekki er hægt að útskýra með upprunaskýringunum þremur. Þess vegna er rannsókninni enn ekki lokið. Orðsifjafræði er líka erfið undirgrein af málvísindum þar sem enginn getur ferðast aftur í tímann til að kanna og sanna hvernig og af hverju tiltekin hljóðbreyting varð. Allt sem við höfum hér er ekki nema tilgátur og hugleiðingar en vonandi getur þessi ritgerð varpað einhverju ljósi á málið.

Heimildaskrá

- Alexander Jóhannesson. 1931. *Die Mediageminata im Isländischen*. Ríkisprentsmiðjan, Reykjavík.
- Ásgeir Blöndal Magnússon. 1989. *Íslensk orðsifjabók*. Orðabók Háskólans, Reykjavík.
- Beekes, Robert S.P. 2011. *Comparative Indo-European linguistics: an introduction*. Michiel de Vaan endurskoðaði og leiðrétti. John Benjamins Publishing Company, Amsterdam/Philadelphia.
- Drosdowski, Günther. 1989. *Herkunftswörterbuch der deutschen Sprache*. Duden Etymologie, 7. bindi. Dudenverlag, Mannheim.
- Gerland, Georg. 1869. *Intensiva und Iterativa und ihr Verhältnis zu einander*. Verlag von Friedrich Fleischer, Leipzig.
- Guðrún Kvaran og Sigurður Jónsson. 2011. *Nöfn Íslendinga*. Önnur útgáfa. Guðrún Kvaran endurskoðaði, leiðrétti og bætti við. Forlagið, Reykjavík.
- Haraldur Bernharðsson. 2016. *Icelandic: a historical linguistic companion*. Fimmtu drög. Háskólaprent, Reykjavík.
- Jón Axel Harðarson. 2007. Forsaga og þróun orðmynda eins og *hagi, segja og lægja* í íslenzku. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 29:67-98.
- Jón Axel Harðarson. 2017. The morphology of Germanic. *Handbook of Comparative and Historical Indo-European Linguistics*, Bindi II, bls. 913-954. Ritstj. Jared Klein, Brian Joseph og Matthias Fritz. Walter de Gruyter, Berlín.
- Kluge, Friedrich / Seebold, Elmar. 1995. *Etymologisches Wörterbuch der deutschen Sprache*. Upprunalegur höfundur Friedrich Kluge. 23. útgáfa endurskoðuð af Elmar Seebold. Walter de Gruyter, Berlín.
- Kristján Árnason. 1980. *Quantity in historical phonology. Icelandic and related cases*. Cambridge University Press, Cambridge.
- Kristján Árnason. 2005. *Hljóð*. Handbók um hljóðfræði og hljóðkerfisfræði. Íslensk tunga I. Meðhöfundur Jörgen Pind. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Kristján Árnason. 2011. *The phonology of Icelandic and Faroese*. Oxford University Press, Oxford.
- Kroonen, Guus. 2011. *The Proto-Germanic n-stems: a study in diachronic morphophonology*. Rodopi, Amsterdam.

- Kroonen, Guus. 2013. *Etymological Dictionary of Proto-Germanic*. Brill, Leiden og Boston.
- Lühr, Rosemarie. 1988. *Expressivität und Lautgesetz im Germanischen*. Carl Winter Universitätsverlag, Heidelberg.
- Mörður Árnason, Svavar Sigmundsson og Örnólfur Thorsson. *Orðabók um slangur, slettur, bannorð og annað utangarðsmál*. Forlagið, Reykjavík.
- Ordbog over det norrøne prosasprog*. [Án árs]. Københavns Universitet. Aðgengilegt á <https://onp.ku.dk/onp/>.